SKOÐUN Guðmundur Andri líkir stóra hríðskotabyssumálinu við Frúna í Hamborg. **13**

MENNING Haustsýning Íslenska dansflokksins fær góða dóma. **20**

LÍFIÐ Lét draum sinn rætast og skrifaði skáldsögu um tíðahring og blæðingar kvenna. **30**

SPORT Manchester United og Chelsea gerðu stórmeistarajafntefli á Old Trafford. **24**

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Mánudagur
27. október 2014
252. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR

Minna öryggi með vígbúnaði

Afbrotafræðingur segir að aukinn vopnaburður lögreglu þýði ekki aukið öryggi borgara og lögreglu. **10**

Meðferð skilar árangri Rannsóknir sýna að fái dæmdir barnaníðingar meðferð við hæfi þá eru þeir ólíklegri til að brjóta af sér aftur. **2**

Ebóla kallar á meira fé Velferðarráðuneytið telur að viðbúnaður hér á landi vegna ebólu kosti 100 milljónir króna. **6**

25 féllu á prófinu Prettán evrópskir bankar eiga eftir að ráðast í úrbætur til að styrkja eiginfjárgrunn sinn eftir nýtt álagspróf Seðlabanka Evrópu. **8**

12

Bolungarvík	1°		N	11
Akureyri	2°		NV	3
Egilsstaðir	0°		SV	5
Kirkjubæjarkl.	-4°		NV	4
Reykjavík	2°		NV	3

Bjart S-lands Í dag má búast við strekkingi V- og NV-til en annars hægari vindi. Snjókoma NV-til í, úrkomusvæðið teygir sig síðan austur á bóginn. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Flísar & gólfefni | Fólk

Helmingur vill frjálsan innflutning í landbúnaði

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa búist við meiri stuðningi við frjálsan innflutning landbúnaðarvara. Skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að 53 prósent vilja frjálsan innflutning.

KÖNNUN Rétt rúmur helmingur þjóðarinnar er hlynntur frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, segir tölurnar koma á óvart.

„Ég hefði haldið að miðað við þunga einhliða umræðu þá væru fleiri sem vildu þetta svokallaða frelsi. Það hefur lítið komist að í umræðunni að meirihlutinn af matvörunni sem við kaupum er tolllaus erlend búvara sem við erum að kaupa í okkar heimilisrekstur. Það hefur lítið verið fjallað um að núna eins og síðustu Eurostat-mælingar sýna er verðlag á þeirri matvöru mun hærra en á íslensku búvörunni í samanburði á milli landa," segir Haraldur.

Pétur Alan Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni, segir að þessar niðurstöður séu í samræmi við það sem hann hafi átt von á. Mikið hafi verið rætt um kjötinnflutning. „Og það er verið að flytja inn þó nokkuð af kjöti," segir hann.

En það sé líka gott fyrir fólk að hafa val. „Við höfum verið með nautalundir og svínarif," segir Pétur Alan. Melabúðin hefur einnig flutt inn kálfakjöt og Pétur segir að meirihluti af villibráð sem seld er hér sé erlendur. „Markaðurinn er bara það stór í lundum og okkur vantaði kjöt," segir Pétur Alan.

> **Það er verið að flytja inn þó nokkuð af kjöti. Við höfum verið með nautalundir og svínarif.**
>
> *Pétur Alan Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni.*

- jhh / sjá síðu 6

BERJAST GEGN PÖGGUN Lögregluþjónar tóku sér stöðu fyrir framan meðlimi kvenréttindasamtakanna Femen sem mótmæltu berbrjósta fyrir utan dómshúsið í París í gær. Þrjátíu meðlimir samtakanna mótmæltu kærum gegn tveimur úr þeirra röðum fyrir ósæmilega hegðun með því að bera sig á almannafæri. Samtökin Femen, sem stofnuð voru í Úkraínu 2008, eru nú með bækistöðvar í París. Mótmæli þeirra víða um heim hafa vakið mikla athygli og eru jafnan umdeild. NORDICPHOTOS/AFP

TÓNLISTARMAÐUR Frank Hall samdi tónlistina í hryllingsmyndinni Juliu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verðlaunaðir í Los Angeles:

Hauskúpur á hryllingshátíð

FÓLK Frank Hall tónlistarmaður og Sverrir Kristjánsson klippari fengu sína hauskúpuna hvor í verðlaun fyrir sinn þátt í kvikmyndinni Julia á Screamfest-hryllingskvikmyndahátíðinni sem haldin var í Los Angeles fyrr í mánuðinum.

Þeir voru ekki einu Íslendingarnir sem komu að gerð myndarinnar því Bergsteinn Björgúlfsson var tökumaður. „Tónlistin er dimm og drungaleg og speglar stemninguna í myndinni, þar sem sögusviðið eru myrkar götur, barir og neonljós," segir Frank Hall.

- vþj / sjá síðu 30

Allt að 300 heilsugæslu- og sérfræðilæknar komnir í 48 tíma verkfall:

Veldur óþægindum og truflunum

KJARAMÁL „Þetta verður ófremdarástand og hefur í för með sér óþægindi fyrir ansi marga," segir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Um 300 læknar á heilsugæslustöðvum og á kvenna-, barna- og rannsóknasviði Landspítala hófu tveggja sólarhringa verkfall á miðnætti.

Bráðaþjónustu verður sinnt og hægt verður að leita til bráðamóttöku Landspítalans í neyðartilfellum og til Læknavaktarinnar eftir klukkan fimm.

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, segir að enn beri mikið í milli í kjaradeilu lækna og ríkisins. Lausn sé ekki í sjónmáli. Ólafur Baldursson, forstjóri lækninga, segir verkfall hið versta mál sem skapi óvissu á spítalanum.

> **Það þarf eitthvað að gerast ef heilbrigðiskerfið á ekki að fara á hliðina, það er nú þegar komið á hnén.**
>
> *Gunnlaugur Sigurjónsson heilsugæslulæknir*

- jme / sjá síða 4

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Aukakílóin burt fyrir jólin!
3 frábær fitubrennsluefni í einu hylki!

SPURNING DAGSINS

Eiríkur, er illska á uppleið í Skandinavíu?

„Uppgangur illskunnar hefur – sem betur fer fyrir mig og því miður fyrir aðra – aldrei verið meiri í Skandinavíu.“

Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl ræddi um bók sína Illsku og uppgang þjóðernisflokka í Skandinavíu í Kulturhuset í Stokkhólmi á dögunum.

Kópavogsbær hefur keypt 55 prósenta hlut í húsbyggingu sem skógræktin á:

Hluturinn á rúmar 60 milljónir

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Kópavogsbæjar hefur samþykkt að kaupa 55 prósenta hlut í húsi sem Skógræktarfélag Kópavogs er að byggja í Guðmundarlundi.

Húsið er 250 fermetrar að stærð og hefur bygging þess nú þegar kostað 73 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að bærinn leggi fram rúmar 60 milljónir króna til að klára húsið.

Heildarkostnaður við byggingu hússins kemur því til með að nema um 135 milljónum króna.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri segir að það hafi verið samþykkt í maí á þessu ári að bærinn myndi kaupa húsið.

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

„Við sjáum mikil tækifæri í kaupunum til að mynda hvað varðar kennslu í náttúrufræðum. Þetta svæði er mikið sótt af grunnskólabörnum. Þetta verður fræðslu- og þjónustumiðstöð í framtíðinni,“ segir Ármann og bætir við að allt að 30 þúsund manns komi á svæðið á ári hverju.

Hann segir að þótt bærinn þurfi að leggja til rúmar 60 milljónir í húsið sé þetta góður kostur fyrir bæjarfélagið.

„60 til 70 milljónir eru miklir peningar, en þegar kemur að húsbyggingum þá eru þetta ekki miklar upphæðir,“ segir Ármann. - jme

Raforkulög taka breytingum:

Umdeilt ákvæði úr frumvarpi

ORKUMÁL Ákvæði laga um að sveitarfélög þurfi að greiða kostnaðarauka af lagningu raflína í jörð hefur verið fellt út úr frumvarpi að nýjum raforkulögum.

Nokkur sveitarfélög, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfðu skilað inn athugasemdum og lýst óánægju sinni með þetta umdeilda ákvæði.

Með ákvörðun iðnaðarráðherra um að endurskoða lagafrumvarpið og fella ákvæðið úr gildi er komið til móts við óskir sveitarfélaga. - sa

MEÐ GULA BLÖÐRUREGNHLÍF Stúlkubarn með uppblásna regnhlíf á svæði því sem mótmælendur hafa lagt undir sig fyrir utan stjórnarbyggingarnar í Hong Kong í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aukins samráðs sögð þörf við mótmælendur í Hong Kong:

Hætt við að kjósa um næstu skref

HONG KONG, AP Leiðtogar mótmælenda sem krafist hafa lýðræðisumbóta í Hong Kong blésu í gær af kosningu um hver ættu að vera næstu skref í mótmælunum sem staðið hafa í mánuð. Sögðu þeir ónógt samráð hafa verið haft við mótmælendur áður en atkvæðagreiðsla var boðuð.

Atkvæðagreiðslunni, sem standa átti í gær og í dag, var ætlað að kanna hug mótmælenda til svara við tilboðum stjórnvalda í Hong Kong eftir viðræður leiðtoga stúdenta sem staðið hafa fyrir mótmælunum og fulltrúa stjórnvalda í síðustu viku. - óká

23 ára Breti handtekinn:

Er grunaður um hryðjuverk

LONDON, AP Breska lögreglan hefur kært 23 ára mann fyrir að undirbúa hryðjuverk. Lögregla í Hampshire sagði í gær að Mustakim Jaman, sem var handtekinn eftir húsleit heima hjá honum, verði leiddur fyrir rétt í dag.

Jaman er frá Portsmouth þaðan sem hópur ungra manna hefur yfirgefið England til að ganga til liðs við vígamenn Íslamska ríkisins í Sýrlandi. Lögregla óttast að slíkir menn snúi aftur til voðaverka heima fyrir. - fb

Yfir 200 mál eru óafgreidd:

Hafa afgreitt 40% fleiri mál

DÓMSMÁL Embætti ríkissaksóknara hefur afgreitt 457 sakamál það sem af er ári en þau voru 325 í fyrra.

Það sem af er ári hafa embættinu borist 458 sakamál til afgreiðslu, í fyrra voru þau 557. Tölurnar tók embættið saman fyrir Fréttablaðið. Núna eru 232 sakamál óafgreidd. Þá eru ótalin önnur mál sem embættið sinnir samkvæmt lögum, þar á meðal kærumál vegna niðurfellingar rannsókna. - jhh

Færri brjóta aftur af sér eftir meðferð

Sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun segir rannsóknir sýna að helmingi færri barnaníðingar brjóti af sér aftur fái þeir meðferð við hæfi. Í nýju fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir sérúrræði fyrir fanga sem brotið hafa gegn börnum.

FANGELSISMÁL Rannsóknir hafa sýnt að um helmingi minni líkur eru á að dæmdir barnaníðingar fremji sambærileg brot að afplánun lokinni fái þeir viðeigandi sálfræðimeðferð meðan á afplánun stendur og eftir hana. Þetta segir Anna Kristín Newton, réttarsálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

Líkt og Fréttablaðið greindi nýverið frá er í nýju fjárlagafrumvarpi ekki gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við sérúrræði fyrir kynferðisbrotamenn.

Anna Kristín er hugmyndasmiður úrræðisins og hefur unnið að því að láta það verða að veruleika undanfarna mánuði.

Í tillögum nefndar sem skipuð var af forsætisráðuneytinu og sneri að úrbótum í þeim málaflokki sem snýr að kynferðisbrotum gegn börnum var veitt fjármagn sérstaklega merkt þessu úrræði þar sem þróa átti og koma í gagnið meðferð fyrir fanga sem afplána fyrir þess konar dóma.

Anna Kristín segir vinnu við að koma úrræðinu í gagnið hálfnaða.

„Til þess að þessi meðferð geti orðið þarf að þróa úrræðið og sú vinna er í gangi. Núna er verið að skrifa handbókina um hvernig eigi að veita slíka meðferð með markvissum faglegum hætti.“

Vinnan snúi að því að búa til faglegan grunn að meðferðarúrræði sem hægt sé að byggja ofan á.

„Það er mjög miður að það sé ekki gert ráð fyrir að setja meira fjármagn í þessa vinnu. Þar af leiðandi eru líkur á betrun væntanlega minni því við vitum það að meðferð getur borið árangur.“

Í FANGELSINU í nýjum fjárlögum er ekki gert ráð fyrir að sett sé meira fjármagn í sérstakt meðferðarúrræði fyrir fanga sem hafa brotið gegn börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Anna Kristín segir rannsóknir sýna að fái þessi hópur faglega meðferð miðaða sérstaka að þeirra þörfum geti það dregið úr líkum á endurtekningu brota um helming.

„Töluverður munur er á þeim sem fara í meðferð og þeim sem fara ekki. En það er ekki hægt að gera bara eitthvað. Meðferðin sýnir góðan árangur ef það er staðið rétt að henni,“ segir hún. „Þess vegna er svo mikilvægt að þessi þekking sé til staðar hér innandyra þar sem við getum náð til þeirra sem vissulega er búið að dæma fyrir slík brot. Það er vont ef það er ekki hægt setja meðferðina í þann búning að hún nýtist samfélaginu í heild.“

viktoria@frettabladid.is

„Meðferðin sýnir góðan árangur ef það er staðið rétt að henni. Þess vegna er svo mikilvægt að þessi þekking sé til staðar.

Anna Kristín Newton, réttarsálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

Mengunarský af völdum eldgossins í Holuhrauni liggur yfir Suðausturlandi:

Mistur og lítið skyggni á Höfn

UMHVERFI Veðurstofa Íslands spáir því að mengunarský, af völdum eldgossins í Holuhrauni, verði yfir landinu frá Jökulsárlóni og austur á Hérað í dag. Fólk ætti því að hafa varann á.

Mikil brennisteinsmengun mældist á Höfn í Hornafirði í gær og styrkur brennisteinsdíoxíðs á milli 9.600 til 20.000 míkrógrömm seinni partinn. Þetta er sögð vera mesta brennisteinsmengun sem mælst hefur frá því gosið í Holuhrauni hófst.

Almannavarnir sendu íbúunum á Höfn smsskeyti í farsíma og beindu því til þeirra að halda sig innan dyra.

Loft var mistri blandið og lítið skyggni á meðan mengunin var sem mest. Sumir, einkum þeir sem eru með öndunarfærasjúkdóma, kvörtuðu yfir óþægindum vegna mengunarinnar. Aðrir kvörtuðu yfir óþægindum í hálsi eða höfuðverk.

Eins var mikil mengun á Öræfum. Þar voru íbúar varaðir við að fara út.

Veðurstofan sagði að hægur vindur væri á svæðinu og því blandaðist loft lítið og útlit er fyrir að svo verði áfram í dag. - jme

ÁFRAM GÝS Eldgosið í Holuhrauni olli mikilli brennisteinsdíoxíðmengun á Höfn í Hornafirði í gær. MYND /MAGNÚS TUMI

NÝR NX 300h
SKARPARI Á ALLA KANTA

Lexus NX 300h hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum.

lexus.is

Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400

LEXUS
AMAZING IN MOTION

ÍSLENSKA/SÍA/SLEX 70985 1014

SVONA ERUM VIÐ

11 fjórhjól voru skráð á Íslandi árið 1986.

Árið 2012 voru þau orðin 8.590 talsins.

Náttúrufræðistofnun lagði síðast mat á stærð refastofnsins árið 2010:

Ref fækkar eftir áratugafjölgun

DÝRALÍF Ref er tekið að fækka eftir samfelldan vöxt um áratugaskeið.

Samkvæmt nýju mati Náttúrufræðistofnunar eru um þriðjungi færri dýr í stofninum en þegar hann var metinn árið 2010. Fækkunin tekur jafnt til svæða þar sem refurinn er veiddur og til friðlanda.

Náttúrufræðistofnun segir ástæður þessa óþekktar en tengjast líklega veðurfari, fæðuskilyrðum, heilbrigði dýranna og jafnvel aðbornum mengunarefnum. „Veiðimenn eru lykilaðilar í vöktun og rannsóknum á refastofninum en þeir senda hræ af felldum dýrum til krufningar og aldursgreiningar," segir í tilkynningu stofnunarinnar.

Nýjustu útreikningar á stærð íslenska refastofnsins sýna að refum hefur fækkað talsvert á undanförnum árum. „Er þetta í fyrsta skipti síðan mælingar hófust að refum fækkar á landinu. Haustið 2007 hafði stofninn verið í samfelldum vexti í meira en 30 ár og var orðinn ríflega áttfalt stærri en í upphafi vöktunarinnar árið 1979." - aí

LÁGFÓTA Ref fækkar jafnt á veiðislóð sem í friðlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Göngin breyta vinnusókn:

Styrkir atvinnusóknarsvæðið

BYGGÐAMÁL Siglufjörður, Ólafsfjörður og Dalvík eru orðin að einu atvinnusóknarsvæði með um 4.000 íbúa eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Þetta sýnir rannsókn Þórodds Bjarnasonar, prófessors í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Niðurstöður þessa efnis birtust í erlenda fræðitímaritinu Journal of Transport Geography.

Vegakönnun á árunum 2009 og 2011 sýnir að atvinnusóknarsvæðið á norðanverðum Tröllaskaga hefur styrkst mikið. -sa

ÁTÖK Lögreglan notaðist við brunaslöngur og piparúða til að hafa hemil á mótmælendum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök brutust út í Köln í gær:

Hægriöfgafólk mótmælti íslam

BERLÍN, AP Átök brutust út í þýsku borginni Köln í gær á milli lögreglunnar og hægriöfgamanna sem voru í mótmælagöngu.

Lögreglan sagðist hafa notað brunaslöngur og piparúða til að hafa hemil á mótmælendum eftir að þeir köstuðu flöskum og skutu flugeldum í átt að laganna vörðum.

Um tvö þúsund manns tóku þátt í mótmælagöngunni sem farin var til að mótmæla íslömskum öfgahreyfingum. Hún var skipulögð af nýnasistahópum og þýskum fótboltabullum. - fb

Sameining sveitarfélaga:

Engin hagræðing að sameina

BYGGÐAMÁL Sameining sveitarfélaga á Vesturlandi mun ekki fela í sér hagræðingu í rekstri þeirra. Þetta kemur fram í skýrslu Vífils Karlssonar og Torfa Jóhannessonar fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Fyrri rannsóknir um sameiningar sveitarfélaga gefa nánast allar til kynna að sameiningar sveitarfélaga bæti afkomu þeirra. Hins vegar sýnir þessi skýrsla aðrar niðurstöður. Enn fremur kemur fram að aðgengi íbúa að þjónustu sveitarfélagsins muni líklega versna, samkennd íbúa muni minnka og neikvæðni þeirra í garð sveitarfélagsins muni aukast. -sa

Verkfall veldur þúsundum sjúklinga óþægindum

Heilsugæslulæknar og læknar á kvenna-, barna- og rannsóknarsviði Landspítalans hófu tveggja sólarhringa verkfall á miðnætti. Læknar munu einungis sinna bráðaþjónustu. Verkfallið hefur áhrif á þúsundir sjúklinga.

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta verður ófremdarástand og hefur í för með sér óþægindi fyrir ansi marga," segir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Um 300 læknar á heilsugæslustöðvum og á kvenna-, barna- og rannsóknasviði Landspítala hófu tveggja sólarhringa verkfall á miðnætti.

Læknafélagið verður með skipulagða verkfallsgæslu á Landspítalanum og á heilsugæslustöðvunum.

Bráðaþjónustu verður sinnt í verkfallinu og hægt verður að leita til bráðamóttöku Landspítalans og Læknavaktarinnar eftir klukkan fimm. „Ef menn telja að það sé einhver vafi þá mun sjúklingurinn njóta vafans. Við viljum ekki að neinn sjúklingur beri skaða af verkfallinu," segir Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands.

Á heilsugæslunni í Lágmúla og í Salahverfi sem eru með þjónustusamning við ríkið verður haldið uppi óbreyttri starfsemi. Læknavaktin er líka með þjónustusamning og þar skerðist þjónustan ekki.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 12 sjálfstætt starfandi heimilislæknar og þeir fara ekki í verkfall.

15 yfirlæknar á ríkisreknu heilsugæslustöðvunum á höfuðborgarsvæðinu sinna bráðatilfellum en öll önnur læknaþjónusta fellur niður á stöðvunum. Læknar munu til að mynda ekki skrifa upp á lyf nema þau séu talin lífsnauðsynleg.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu sinnir um 160 þúsund manns. Á degi hverjum ætla menn að hún sinni hátt í fimm þúsund manns. Það má því ætla að nærri 10 þúsund manns bara á höfuðborgarsvæðinu verði fyrir óþægindum vegna verkfalls heimilislækna.

SVANHVÍT JAKOBSDÓTTIR

ÓLAFUR BALDURSSON

Á landsbyggðinni fara læknar í verkfall á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Á þessum stöðum verður tryggt að yfirlæknar og sérfræðilæknar sinni bráðaþjónustu.

Á þeim deildum Landspítalans þar sem verkfall verður, verða á þriðja tug lækna við störf. Verkfallið mun samt sem áður hafa veruleg áhrif á starfsemi deildanna.

Ólafur Baldursson, forstjóri lækninga, segir verkfall hið versta mál sem skapi óvissu á Landspítalanum.

„Við munum veita neyðarþjónustu á spítalanum en það er ljóst að fólk verður fyrir truflunum. Við höfum undirbúið okkur eins vel og hægt er með ýmsum hætti en það er varla hægt að undirbúa sig undir þetta," segir Ólafur.

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, segir að enn beri mikið í milli í kjaradeilu lækna og ríkisins. Lausn sé ekki í sjónmáli.

Læknar hafa ekki viljað gefa upp hvað þeir fara fram á í launahækkanir. „Við höfum ekki talið að það væri málinu til framdráttar að standa í hnútukasti í fjölmiðlum um tölur," segir Þorbjörn. Ríkið hefur boðið læknum 2,8 til 3 prósenta hækkun en læknar telja það allt of lítið.

Gunnlaugur Sigurjónsson, yfirlæknir í Árbæ, segir að það verði að semja við lækna. „Það þarf eitthvað að gerast ef heilbrigðiskerfið á ekki að fara á hliðina, það er nú þegar komið á hnén. Maður er að kikna undan álaginu, það finnast engir nýir læknar og stundum finnst manni hreinlega eins og heilsugæslan sé að rúlla yfir," segir Gunnlaugur og bætir við að það verði að bæta kjör lækna svo þeir sjái möguleika á að koma til starfa hér á landi.

Samningafundur í kjaradeilu lækna og ríkisins er boðaður dag, takist ekki samningar halda verkfallsaðgerðir afmarkaðra læknahópa áfram og standa fram í miðjan desember. johanna@frettabladid.is

LÆKNAVERKFALL Það horfir þunglega með að sættir takist í kjaradeilu lækna og ríkisins. Fyrsta af mörgum boðuðum verkföllum lækna á næstunni hófst á miðnætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áhyggjufullir eldri borgarar

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur áhyggjur af verkfalli lækna. Stjórnin segir ljóst að heilbrigðiskerfi landsins sé verulega laskað og mikil þörf á fjármagni til að endurreisa það. Landsspítalinn er í mikilli þörf fyrir aukið fjármagn til að geta sinnt lögbundnum skyldum sínum. Stjórnin skorar á stjórnvöld að koma í veg fyrir enn meiri skaða en nú stefnir í, og veita meira fjármagn í heilbrigðiskerfið.

Beltone **First**™

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð)

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	24°	Friedrichshafen	14°	New York	15°
Aþena	15°	Gautaborg	13°	Orlando	28°
Basel	15°	Kaupmannahöfn	13°	Ósló	14°
Berlín	14°	Las Palmas	29°	París	18°
Billund	16°	London	17°	San Francisco	18°
Frankfurt	14°	Mallorca	24°	Stokkhólmur	14°

Á MORGUN 3-8 m/s en hvassara SA-til og á Snæfellsnesi.

MIÐVIKUDAGUR Yfirleitt fremur hægur vindur.

BJARTAST SYÐST Í dag og á morgun má búast við snjókomu eða jafnvel slyddu á norðan- og austanverðu landinu en yfirleitt verður nokkuð bjart allra syðst. Á miðvikudaginn eru horfur á hægum vindi og björtu veðri í flestum landshlutum.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

BOSCH
Invented for life

Verðlækkun

Við kveðjum vörugjöldin strax í dag og lækkum verð á öllum heimilistækjum, sem bera vörugjöld, um 20% til áramóta.

Þetta gildir um **bakstursofna, helluborð, eldavélar, uppþvottavélar, kæliskápa, þvottavélar** og **þurrkara**.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 www.bosch.is Sími 520 3090

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað heitir nýútkomin endurminningabók Jóhönnu Kristjónsdóttur?
2. Hvaða fornminjar komu nýverið í ljós á Þingvöllum?
3. Hver er forseti ASÍ?

SVÖRIN
1. Svarthvítir dagar. **2.** Hleðsla úr konungsvegínum forna. **3.** Gylfi Arnbjörnsson.

Velferðarráðuneytið vill auknar fjárheimildir vegna ebólu-viðbúnaðar:

Vilja 100 milljónir vegna ebólu

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarráðuneytið lagði fram erindi til kynningar á ríkisstjórnarfundi á föstudag um aukið framlag á fjárlögum vegna viðbúnað vegna ebólufaraldsins. Heildarkostnaður vegna þeirra verkefna sem þarf að ráðast í er áætlaður um 100 milljónir auk 32 milljóna aukalega komi til að það þurfi að flytja ebólusmitaðan einstakling frá Vestur-Afríku og veita meðferð.

Í minnisblaðinu segir að unnið sé að skipulagi viðbúnaðar og fræðslu ýmissa starfsstétta, auk þess sem unnið sé að myndun teymis starfsmanna sem mun fá sérstaka þjálfun í meðhöndlun ebólusmitaðra einstaklinga. Einnig sé unnið að því að kaupa sérhæfðan búnað og tæki, svo sem hlífðarbúnað og lyf. Svo þurfi að ráðast í nauðsynlegar breytingar á húsnæði spítalans. Nú fer fram þjálfun starfsfólks í sérstöku viðbragðsteymi auk þess sem starfsmenn á nokkrum deildum fá þjálfun í því hvernig bregðast eigi við komi upp smit á deild þeirra. - vh

ÆFING Yfir standa æfingar hjá sérstöku viðbragðsteymi ebólu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Snjór kominn í Hlíðarfjall:

Stefna á opnun fyrir áramót

SVEITARSTJÓRNARMÁL Forstöðumaður skíðasvæðis Akureyrar í Hlíðarfjalli stefnir á að opna skíðasvæði bæjarins fyrir jól. Byrjað er að snjóa í skíðabrekkurnar og stutt í að snjóframleiðsluvélar svæðisins fari á fullt.

Óvissuástand skapaðist um tíma í haust þegar tveir fastir starfsmenn svæðisins sögðu upp störfum vegna óánægju með launakjör.

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli laðar ár hvert þúsundir gesta til Akureyrar. - sa

KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS: VILT ÞÚ FRJÁLSAN INNFLUTNING Á LANDBÚNAÐARVÖRUM?

ALLIR

EFTIR STJÓRNMÁLAFLOKKUM



EFTIR KJÖRDÆMUM



EFTIR KYNI

EFTIR ALDRI

Bjóst við að frjáls innflutningur nyti meiri stuðnings almennings

Fimmtíu og þrjú prósent landsmanna vilja frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum en 47 prósent er á móti. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins bjóst við að stuðningur væri meiri. Kaupmaður í Melabúðinni býst við að innflutningur á landbúnaðarvörum eigi eftir að aukast.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Um það bil helmingur landsmanna vill heimila frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Fjörutíu og sjö prósent svöruðu spurningunni játandi, 42 prósent svöruðu spurningunni neitandi, 9 prósent voru óákveðin og 2 prósent svöruðu ekki spurningunni. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu tóku sögðust 53 prósent vilja heimila frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum og 47 prósent vildu ekki heimila frjálsan innflutning. Karlmenn eru hlynntari því að heimila frjálsan innflutning á landbúnaðarafurðum en konur og yngra fólk er hlynntara því að heimila frjálsan innflutning en eldra fólk.

Séu niðurstöður skoðanakönnunarinnar greindar eftir stjórnmálaflokkum sést að langmestur stuðningur við frjálsan innflutning er á meðal svarenda sem sögðust mundu kjósa Bjarta framtíð. Sjötíu og fimm prósent þeirra segjast vilja frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum en einungis 25 prósent sögðust ekki vilja frjálsan innflutning. Næstmestur stuðningur er á meðal þeirra sem sögðust mundu kjósa Samfylkinguna en 65 prósent þeirra segjast vilja frjálsan innflutning en 35 prósent eru á móti. Minnstur stuðningur við frjálsan innflutning er á meðal þeirra svarenda sem styðja Framsóknarflokkinn, en 35 prósent þeirra eru hlynnt frjálsum innflutningi en 65 prósent á móti.

Þegar svörin eru skoðuð eftir kjördæmum sést að stuðningurinn við frjálsan innflutning er mun meiri á meðal kjósenda sem búa í Reykjavík og í Suðvesturkjördæmi en annars staðar á landinu.

Pétur Alan Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni, segir að þessar niðurstöður séu í samræmi við það sem hann hafi átt von á. Mikið hafi verið rætt um kjötinnflutning. „Og það er verið að flytja inn þó nokkuð af kjöti," segir hann. Kjötið sé flutt inn með kvóta og án kvóta.

„En það er alltaf gott líka fyrir fólk að hafa val. Við höfum verið með nautalundir og svínarif," segir Pétur Alan. Melabúðin hefur einnig flutt inn kálfakjöt og Pétur segir að meirihluti af villibráð sem seld er hér sé erlend, til dæmis fyrir jólin. „Markaðurinn er bara það stór í lundum og okkur vantaði kjöt," segir Pétur Alan.

> **Ég hefði haldið að miðað við þunga einhliða umræðu þá væru fleiri sem vildu þetta svokallaða frelsi.**
>
> *Haraldur Benediktsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna.*

„Ég held að það verði aukning í þessu ef eitthvað er. Sérstaklega á sumrin, þá vantar alltaf kjöt," segir hann. Hann segir að fjölgun ferðamanna á Íslandi hafi leitt af sér mikla neyslu af kjöti sem markaðurinn ráði ekki lengur við.

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, segir hins vegar að niðurstaðan komi sér á óvart. „Ég hefði haldið að miðað við þunga einhliða umræðu þá væru fleiri sem vildu þetta svokallaða frelsi. Það hefur lítið komist að í umræðunni að meirihlutinn af matvörunni sem við kaupum er tolllaus erlend búvara sem við erum að kaupa í okkar heimilisrekstur. Það hefur lítið verið fjallað um að núna eins og síðustu Eurostat-mælingar sýna er verðlag á þeirri matvöru mun hærra en á íslensku búvörunni í samanburði á milli landa," segir Haraldur.

Þetta sé staðreynd sem fólk hafi ekki séð mikið bera á í umræðunni. „Annað sem ég vil nefna og búið er að vera mikið í sviðsljósinu er verðlagning á mjólkurvörum. Samkvæmt verðkönnun ASÍ á mjólkurvörum er tólf prósenta verðmunur á milli hæsta og lægsta verðs," segir Haraldur. Séu hins vegar skoðaðar vörur á borð við grænmeti og ávexti, sem séu tolllausar, þá séu sjötíu prósent á milli hæsta og lægsta verðs í þeirri könnun.

Haraldur segir einnig að samkvæmt Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, séu tolllausar vörur sem seldar eru hér 22 prósent yfir Evrópuverðinu en mjólkurvaran tólf prósent. „Þetta eru staðreyndir sem aldrei koma fram í þessari umræðu. Þannig að það kemur mér á óvart að það sé til fólk sem sér í gegnum þessa umræðu og er ekki tilbúið til að kasta frá sér því sem það hefur í dag á altari ímyndaðra tækifæra um lægra vöruverð og svo framvegis," segir Haraldur.

Aðferðafræðin

Rétt er að taka fram að könnun á afstöðu til frjáls innflutnings á landbúnaðarvörum var gerð þannig að hringt var í 1.241 mann þangað til náðist í 801. Þegar svörin eru greind eftir stjórnmálaflokkum og kjördæmum eru svarendur í hverjum hópi fyrir sig mun færri og vikmörk því há. Þess vegna ber að fara varlega í að túlka niðurstöður sem greindar eru eftir stjórnmálaflokkum og kjördæmum öðruvísi en svo að þau lýsa afstöðu þeirra svarenda sem lentu í úrtakinu.

Könnunin var gerð dagana 21. og 22. október. Áttatíu og níu prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Úrtakið er lagskipt slembiúrtak. Spurt var: Vilt þú frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum?

GILDIR 27.10.14

TAX FREE

SÍÐASTI DAGUR!

AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 20.32% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

TAKT Í BÍL HJÁ HEKLU
ÞÚ GÆTIR ENDAÐ Í BOSTON
HEK BOS
HEKLA - BOSTON
Komdu og reynsluaktu nýjum bíl og við setjum nafnið þitt í pott.
Einu sinni í viku í október drögum við út vinningshafa sem fær gjafabréf til Boston með Icelandair að verðmæti 200.000 kr.
HEKLA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi
HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Í RÓM Fólk á gangi fram hjá útibúi bankans Monti dei Paschi di Siena í Róm. Bankinn er sá þeirra þrettán banka sem Seðlabanki Evrópu segir vanbúna til að standast framtíðaráföll, sem verst stendur. Alls féllu 25 bankar á prófinu en tólf hafa þegar barið í brestina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tuttugu og fimm féllu á álagsprófinu

Þrettán af 130 stærstu bönkum Evrópu eru vanbúnir til að standast áfall á fjármálamörkuðum. Seðlabanki Evrópu birti í gær könnun á stöðu stærstu fjármálastofnana. Í sambærilegum prófum 2011 og 2010 fengu græna ljósið bankar sem síðar þurftu fjárhagsaðstoð.

PÝSKALAND, AP Þrettán af 130 stærstu bönkum Evrópu vantar samtals 10 milljarða evra (1.530 milljarða króna) til að geta tekist á við framtíðaráföll.

Í kynningu á álagsprófum Seðlabanka Evrópu í gær sögðu fulltrúar bankans að meiri kröfur hefðu verið gerðar en í sambærilegum yfirferðum á fjárhag fjármálastofnana árið 2011 og 2010. Í þeim prófum voru heilbrigðisvottorð gefin bönkum sem síðar þurftu á aðstoð að halda.

Seðlabanki Evrópu segir að 25 bankar hafi þurft styrkari eiginfjárstöðu. Af þeim hafa tólf þegar komið á úrbótum á þeim mánuðum sem prófanir bankans hafa staðið. Þeir bankar eru sagðir hafa aflað fjármuna með því að gefa út nýtt hlutafé, eða með því að selja frá sér áhættusamar fjárfestingar eða lánastarfsemi.

Bankarnir þrettán sem eftir standa hafa hálfan mánuð til þess að leggja fyrir Seðlabanka Evrópu áætlun um hvernig þeir ætli að styrkja eiginfjárgrunninn og allt að níu mánuði til að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd.

Álagsprófið á að tryggja að bankar, sem sumir hverjir hafa verið tregir til útlána vegna vondra fjárfestinga sem hafa íþyngt þeim, verði reiðubúnir til þess að leggja lið og hafi bolmagn til útlána þegar evrópskt efnahagslíf tekur við sér að nýju. Bankar sem standa höllum fæti eiga ekki að standa efnahagsbata fyrir þrifum.

Í athugun sinni kannaði Seðlabanki Evrópu virði eigna bankanna og lagði fyrir þá álagspróf þar sem reynt var að greina hvernig þeim myndi vegna í efnahagssamdrætti.

Flestir, eða fjórir, bankanna sem enn standa höllum fæti eru ítalskir. Tveir bankanna eru grískir, tveir frá Slóveníu og svo er einn frá Kýpur, einn franskbelgískur, einn austurrískur, einn írskur og einn frá Portúgal.

DANIELE NOUY Frá kynningu á niðurstöðum álagsprófana á evrópskar fjármálastofnanir í Frankfurt í Þýskalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bankinn sem mest hallar á er ítalski bankinn Monte dei Paschi di Siena, en hann er sagður þurfa að styrkja eiginfjárstöðu sína um 2,11 milljarða evra (323 milljarða króna).

Fimm bankanna eru sagðir geta komist fyrir vanda sinn með því að halda sig við umbótaáætlanir sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd. Það eru Eurobank og Þjóðarbankinn í Grikklandi, Nova Ljubljanska Banka og Nova Kreditna í Slóveníu og Dexia í Belgíu.

Flesta hinna bankanna vantar undir einum milljarði evra (153 milljarðar króna) og í nokkrum tilvikum undir 200 milljónum evra (30,6 milljörðum króna).

Fjórða næsta mánaðar tekur Seðlabanki Evrópu við fjármálaeftirliti í Evrópu. olikr@frettabladid.is

DJÚPMANNA BINGÓ
Fimmtudaginn 30. okt. Kl. 19:30.
Í sal Sjálfsbjargar Hátúni 12, RVK
(gengið inn sunnanmegin).
Veitingar í hléi á góðu verði, (tökum ekki kort).
Allir velkomnir, hlökkum til að sjá ykkur sem flest.
Kveðja FÉLAG DJÚPMANNA

Verkfall lækna

Verkfall lækna hefst í dag. Því miður. Læknar á Íslandi hafa í fyrsta sinn gripið til þess réttar síns að leggja niður störf til að knýja á um leiðréttingu launa sinna. Neyðarmönnun og hugsanlegum undanþágum er hagað með þeim hætti að öryggi sjúklinga sé ekki ógnað. Óhjákvæmilegt er þó að aðgerðirnar valdi óþægindum. Okkur þykir það leitt.

Kjarabarátta lækna snýst ekki bara um laun heldur einnig um eðlilega endurnýjun í læknastéttinni. Á undanförnum árum höfum við misst hóp lækna úr landi. Það er mikil blóðtaka fyrir okkur öll. Meðalaldur lækna á Íslandi hækkar. Nýliðun í hópnum er nauðsyn. Augljóst er að í óefni stefnir ef fram heldur sem horfir.

Stærsti þáttur alþjóðlegrar samkeppnishæfni í starfsumhverfi lækna er laun þeirra. En fleira kemur til. Á meðal þess er vinnuálag, aðgengi að góðum tækjabúnaði, svigrúm til kaupa á nýjustu og bestu lyfjum, þátttaka í framþróun læknavísindanna og fleira. Á öllum þessum sviðum hafa Íslendingar dregist aftur úr og bilið fer ört stækkandi.

Læknar bera ekki ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni á Íslandi. Okkur er hins vegar langt í frá sama um hana. Í gegnum tíðina höfum við bæði axlað ábyrgð sem einstaklingar og sem heild eftir því sem í okkar valdi hefur staðið. Við viljum gera það áfram. Þess vegna grípum við til aðgerða. Við teljum það ábyrgðarleysi af okkar hálfu að bregðast ekki af alefli við þeim vanda sem við blasir.

Við biðjum um stuðning þjóðarinnar og skilning þeirra sem fá munu skerta þjónustu á meðan á verkfallsaðgerðum stendur. Við skorum á stjórnvöld að bregðast hratt við. Leiðrétting á launum lækna þolir ekki lengri bið.

Þorbjörn Jónsson
formaður Læknafélags Íslands

Kemur í stað eldri vopna:

Notað um borð og í varahluti

LÖGREGLUMÁL Landhelgisgæslan ætlar að nota þær eitt hundrað MP5-vélbyssur sem hún fékk frá Norðmönnum um borð í skipum sínum og í varahluti.

GEORG LÁRUSSON

Georg Lárusson, forstjóri Gæslunnar, segir byssurnar minni en þau vopn sem Gæslan á fyrir og eru orðin úrelt.

Gæslan gerir ekki ráð fyrir að þurfa að greiða fyrir byssurnar. Hingað til hafi ekki tíðkast að norski herinn rukki fyrir álíka sendingar. Lögreglan fékk 150 byssur en Gæslan 100. „Við gerum ekki ráð fyrir að kaupa eða fá gefins vopn á næstu áratugum aftur," segir Georg. - lvp

Minna öryggi með vígbúnaði

Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur segir að aukinn vopnaburður lögreglu ýti undir notkun á vopnum á meðal glæpamanna. Þá sé framandi veruleiki að lögreglan búi yfir hátæknivopnum, fólk hrylli við slíku.

SAMFÉLAGSMÁL Hér hefur tilkynningum um ofbeldisglæpi ekki fjölgað á síðustu árum, að sögn Helga Gunnlaugssonar, afbrotafræðings og prófessors við Háskóla Íslands. Hegningarlagabrot séu færri og manndrápstíðni lægri en annars staðar á Norðurlöndum, þar sem tíðni glæpa sé líka almennt lægri en annars staðar í Evrópu. Hann bendir á að aðeins séu þrjú lönd í Evrópu þar sem lögreglumenn bera ekki vopn; Noregur, Bretland og Ísland.

HELGI GUNNLAUGSSON

Helgi segir að það sem menn óttist helst við vopnavæðingu lögreglu sé stigmögnun vopnavæðingar, að glæpamenn komi sér upp meiri vopnum. „Almennt sýna rannsóknir að aukinn vopnaburður lögreglu ýtir undir notkun á vopnunum, oft með tilheyrandi slysum og skaða. Aukinn vopnaburður lögreglu þýðir ekki sama og aukið öryggi borgara og lögreglu."

Að mati Helga hefði átt að fara fram á Alþingi, í ríkisstjórn og í samfélaginu umræða um hvort lögreglan ætti að þiggja 150 MP5-vélbyssur að gjöf frá Norðmönnum. Afar framandi veruleiki sé fyrir fólk að lögreglan hafi hátæknivopn í fórum sínum. Það sé eitthvað sem fólk hrylli við.

Frá því hefur verið greint að lögreglustjórar hafi sent starfsmenn sína á námskeið í því hvernig eigi að beita MP5-byssunum. Misjafnt er eftir lögregluumdæmum hvort geymd eru vopn í sérstökum kistum í lögreglubílum. Það er ákvörðun lögreglustjóra á hverjum stað.

Helgi segir ekki farsæla stefnu að hver og einn lögreglustjóri ákveði hvort slíkum vopnum verði bætt í safnið. „Mér finnst heldur ekki rétt að það sé lagt á herðar hverjum og einum lögreglustjóra að ákveða hvort vopnum skuli beitt. Við hljótum að þurfa sameiginlegar reglur um þetta. Reglur sem ræddar hafa verið í samfélaginu, af stjórnvöldum," segir hann.

Þá sé nauðsynlegt að huga að þjálfun lögreglumannanna. Þeir þurfi að kunna að beita vopnunum rétt og þeir þurfi sálfræðiþjálfun. Þeir þurfi þjálfun í því hvernig þeir eigi að bregðast við í hættulegum aðstæðum.

Lögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki vill koma fram undir nafni, segir mörg dæmi hafa komið upp í hans starfi þar sem hann hafi þurft að snúa frá verkefnum þar sem hann hafði ekki aðgang að atvinnutækjum til þess að verja sjálfan sig eða aðra. Útköllin hafi verið með þeim hætti að rökstuddur grunur væri um að þar væri einstaklingur með skotvopn á ferð sem væri jafnvel hættulegur sjálfum sér og öðrum. Í slíkum tilfellum sé það eina í stöðunni að draga sig í hlé og bíða eftir sérsveit lögreglunnar.

hannarut@frettabladid.is
johanna@frettabladid.is

NORSKA LEIÐIN Íslendingar virðast færast í átt að „norska módelinu". Í flestum norskum lögreglubílum eru vopnakistur. Síðan er yfirmanna að ákveða hvort þeim skuli beitt. Hér eru á nokkrum stöðum lögreglubílar búnir skotvopnakistum og fleiri umdæmi íhuga að láta setja slíkan búnað í bílana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Brugðist við 30 skotvopnamálum 2013

VOPN Skotvopn sem tollgæslan hefur lagt hald á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á síðasta ári fékk sérsveit lögreglunnar 30 tilkynningar vegna einstaklinga sem voru vopnaðir skotvopnum. Alls var tilkynnt um 65 tilvik þar sem vopn komu við sögu en í 31 tilviki var um egg- eða stunguvopn að ræða.

Af verkefnum sérsveitarinnar 2013 voru 128 tilfelli aðstoð við lögregluembætti sem fólst þá aðallega í vopnuðum lögregluaðgerðum og handtökum hættulegra manna. Af 309 verkefnum sveitarinnar voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum í 83 tilfellum.

Í júlí 2011 voru hér á skrá um 60 þúsund skotvopn og er talið að þeim hafi fjölgað síðan. Rúmlega 30 byssur eru á hverja 100 íbúa og er Ísland í 15. sæti í heiminum yfir fjölda skotvopna á íbúa samkvæmt *The Small Arms Survey*, rannsóknarverkefni sem rekið er af The Graduate Institute of International and Development Studies í Genf í Sviss.

Opinn fræðslufundur

Erfðir Alzheimerssjúkdómsins

Jón Snædal, öldrunarlæknir og Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) munu kynna rannsóknir ÍE og samstarfsaðila á erfðum Alzheimerssjúkdómsins

mánudaginn 27. október kl. 17:30-18:30
í fyrirlestrasal ÍE, Sturlugötu 8

Kaffiveitingar frá kl. 17:00

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

FAAS Til fundarins er boðað í samráði við FAAS, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

Rétta umhverfið fyrir þitt fyrirtæki

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Með vönduðu viðhaldi á eignum stuðla Reitir að fallegri ásýnd, varðveita sögu húsanna og skapa ímynd sem er fyrirtækinu þínu til sóma.

Reitir eru með yfir 130 eignir til leigu fyrir hvers kyns rekstur, á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og í fjölda annarra bæjarfélaga.

Finndu húsnæði sem hentar þínum rekstri. Hafðu samband við Reiti í síma 579 9000 eða í reitir@reitir.is.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

JÓNSSON & LEMACKS · JL.IS · SÍA

SKOÐUN

Leynd um vopnakaup stjórnvalda er óásættanleg:

Svör – strax!

Það hefur varla farið fram hjá neinum að 250 stykki af MP5-hríðskotabyssum hafa bæst við vopnabúnað stjórnvalda. DV greindi frá málinu í síðustu viku og síðan það kom fyrst upp hefur það tekið á sig furðulegar myndir.

Ljóst er að byssurnar koma frá norska hernum, en sendinefnd á þeirra vegum kom til landsins í fyrra í boði utanríkisráðuneytisins. Samningur um vopnin var gerður í desember á síðasta ári, en hingað til hefur lítið sem ekkert verið upplýst um efni hans, utan þess að upplýsingafulltrúi norska hersins sagði frá því að um kaupsamning væri að ræða og gjaldið fyrir byssurnar væri 11,5 milljónir. Bæði Landhelgisgæslan og lögreglan halda því samt sem áður fram að vopnin hafi fengist gefins. Vopnunum verður skipt á milli lögreglunnar og gæslunnar. Samkvæmt forstjóra hennar er aðeins um að ræða endurnýjun á búnaði hjá þeim, en fyrir liggur að lögreglan hyggst dreifa vopnunum á embætti sín, sér í lagi úti á landi. Þar hafa öll embætti sent lögregluþjóna sína á tveggja daga námskeið í notkun hríðskotabyssa í haust.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Þrátt fyrir að málið hafi komið upp fyrir tæpri viku og raunar átt sér meira en árs aðdraganda, er enn mýmörgum spurningum ósvarað. Þurfa þessi stjórnvöld á þessum vopnum að halda? Það er algerlega óljóst. Til þessa hefur ekki verið talin ástæða, að minnsta kosti ekki opinberlega, til að vopna almenna lögreglu með skammbyssum, hvað þá sjálfvirkum hríðskotabyssum. Engin umræða hefur átt sér stað um frekari vopnvæðingu lögreglunnar. Þó má vel vera að það sé hið eðlilegasta mál. Langt getur verið í sérsveitina úti á landi sem er vel vopnum búin og ef til vill nauðsynlegt að vera undirbúinn fyrir hið versta. En sú þróun, án nokkurrar pólitískrar stefnumörkunar, umræðu og aðkomu lýðræðislega kjörinna fulltrúa, er óásættanleg.

Bæði dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra neita nokkurri aðkomu að málinu, annarri en því að hafa verið kunnugt um það. En hver skrifaði undir kaupsamninginn? Lögreglan kannast ekki við að eiga að borga, né heldur Landhelgisgæslan sem gerir ekki ráð fyrir að þurfa að greiða fyrir byssurnar. Hver tók eiginlega þessa ákvörðun? Ef það er rétt að hún hafi verið tekin án aðkomu ráðherra þá vakna upp áleitnar spurningar um hvort undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins sé virkilega í sjálfsvald sett að kaupa til landsins það magn af vopnum sem því hentar án nokkurrar stefnumarkandi aðkomu ráðherra eða Alþingis. Hversu langt nær sú heimild? Getur gæslan keypt hingað árásarþyrlu án umræðu í þinginu? Getur lögreglan komið sér upp brynvörðum skriðdrekum með þeim innihaldslausu rökum að það sé ekkert mál af því búnaðurinn fékkst gefins einhvers staðar frá? Hvar endar þetta?

Leyndin og misvísandi svör sem hingað til hafa fengist alls staðar að úr stjórnkerfinu vekja upp spurningar. Enginn tekur ábyrgð og hver vísar á annan. Svör við því hvernig að málinu var staðið, hver samdi um kaupin og hver hyggst greiða Norðmönnum þarf að fá. Þá er nauðsynlegt að það sé upplýst nákvæmlega undir hvaða kringumstæðum lögreglan ber vopn og þá hvaða vopn. Miðað við sérstöðu Íslands sem herlaust land, með svo gott sem vopnlausa lögreglu hingað til, má færa rök fyrir því að kaup á 250 hríðskotabyssum hljóti að vera pólitísk ákvörðun sem hefði átt að taka fyrir opnum tjöldum. Vel má vera að góð rök liggi að baki henni og þeirri leynd sem hefur einkennt málið. Þau þurfa þá að koma fram. Strax.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Geir og Grani á vaktinni?
Lögreglumennirnir Geir og Grani eru með best lukkuðu fígúrum Spaugstofunnar. Halda mætti að þeir félagarnir hafi verið á vakt þegar lögreglan taldi sig vera að afmá nöfn í skýrslu Geirs Jóns Þórissonar, fyrrverandi yfirlögregluþjóns, um búsáhaldabyltinguna. Víst er forvitnilegt að vita hvað varð til þess að lögreglan gat ekki hulið slóðina betur en raun varð. Vonandi er lögreglan betur að sér í öðru. Það er óheppilegt fyrir lögregluna að fá þetta í hausinn á sama tíma og deilur eru um allt samfélagið um vopn og vopnaburð lögreglunnar. Allt varð þetta til þess að skýrslan fær metlestur.

Nöldurmenni í stuði
Fyrir margt löngu rifjaði Hannes Hólmsteinn Gissurarson í ágætum hópi fólks að Bjarni heitinn Benediktsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hefði sagt sumt fólk vera nöldurmenni. Þetta ágæta orð, nöldurmenni, hefur eflaust átt ágætlega við á sínum tíma, og þá enn frekar núna þar sem aðstæður fyrir nöldurmenni hafa aldrei verið eins góðar og nú. Spor og þeirra merki eru um allan veraldarvefinn. Nöldurmenni hljóta að flokkast sem frekar meinlaust fólk sem fátt hefur fyrir stafni annað en að finna að flestu og tjá sig sem oftast og víðast. Nöldurmenni eru ekki alltaf til ama, af mörgum þeirra má hafa gaman.

Ríkisútvarpið og flokkurinn
Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði á Bylgjunni í gær að væntanlega yrðu breytingar gerðar á Ríkisútvarpinu. Illugi sagði að meta yrði hvort ástæða væri til að Ríkisútvarpið sinnti hlutverki sem aðrir fjölmiðlar gera. Illugi nefndi sérstaklega Rás eitt. Sjálfur vill hann hafa Ríkisútvarpið áfram, þrátt fyrir að innan Sjálfstæðisflokksins sé fólk sem vill það ekki. Kannski stangast afstaða Illuga á við samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins: „Landsfundur leggur til að þörf samfélagsins fyrir ríkisfjölmiðil verði endurskilgreind og Ríkisútvarpið ohf. verði lagt niður í núverandi mynd ef ástæða þykir til.“

sme@frettabladid.is

HALLDÓR

Ekki þú líka – Sigurjón!

RÚV

Svavar Gestsson
ritstjóri

Það er alls staðar sótt að Ríkisútvarpinu þessa dagana. Í fjárlagafrumvarpinu, í 365-miðlunum, í Morgunblaðinu. Allt þetta þrennt er skýranlegt þó að ég sé að vísu ósammála því: Ríkissjóð vantar peninga af því að verkefnin eru mörg og af því að það er búið að lækka skattana um nokkra tugi miljarða. Það er skýranlegt með 365 miðlana af því að þá vantar pláss; þar eru fjárhagslegar blikur á lofti. Og í þriðja lagi er það rökrétt að Morgunblaðið sé á móti Ríkisútvarpinu; fyrir því eru markaðsástæður og pólitískar ástæður. Og nú er Sigurjón ritstjóri þessa blaðs farinn að tala um að Ríkisútvarpið fái beingreiðslur. Æi! Ekki þú líka – Sigurjón. Skattarnir standa undir greiðslum til samfélagsins, sjúkrahúsanna, skólanna, veganna. Skattarnir eru gjaldið sem við viljum greiða fyrir að búa í siðuðu menningarsamfélagi. Beingreiðslur.

Má ég í allri vinsemd minna á að Ríkisútvarpið er menningarstofnun. Það þrífst ekki nema sem hluti af samfélaginu. Íslenskt samfélag þrífst ekki án Ríkisútvarpsins. Þættirnir um Vesturfarana hefðu ekki orðið til nema vegna þess að hér er Ríkisútvarp, hvorki þættir Egils né Andra. Má ég spyrja um fleiri atriði eins og táknmálsfréttir, sinfóníutónleika, útvarpssögurnar, stöðugar veðurfréttir?

➜ Látið þið Ríkisútvarpið fá útvarpsgjaldið að fullu og losið stofnunina við gamla lífeyrisbyrði. Sýnum sanngirni.

Ríkisútvarpið sem menningarstofnun er mikilvægt eins og Sinfónían, Þjóðleikhúsið, Landsbókasafnið, Þjóðskjalasafnið. Allir skilja að þessar stofnanir eru hluti af þeim veruleika sem við viljum búa við, að þær eru menningarstofnanir. Ríkisútvarpið er hluti af þjóðmenningunni; það er atlaga að þjóðmenningunni að ráðast að Ríkisútvarpinu. Var ekki einhver að taka um þjóðmenningu?

Má ég enn fremur minna á að menntamálaráðherrar Framsóknarflokksins, þeir Ingvar Gíslason og Vilhjálmur Hjálmarsson, stóðu alltaf með Ríkisútvarpinu.

Það sem má gera núna er þetta: Látið þið Ríkisútvarpið fá útvarpsgjaldið að fullu og losið stofnunina við gamla lífeyrisbyrði.

Sýnum sanngirni. Það var nefnilega fín fyrirsögnin á leiðaranum í vikunni: Heilbrigðiskerfið skapar verðmæti. Eins er það með Ríkisútvarpið; menningin er líka verðmæti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Hvað gaf herinn í Ósló þér?

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Þegar íslenskir ráðamenn eru spurðir um stóra hríðskotabyssumálið verða þeir svolítið eins og þeir séu í Frúnni í Hamborg. Á þá kemur einbeitingar- og áhyggjusvipur og viðtalið verður eins og þeir séu með allan hugann við að segja ekki eitthvað sem má ekki segja – já eða nei, hvítt eða svart.

Eða það sem verst er: að lenda í að segja satt.

„Need-to-know-basis“

Allt er þetta geysilegt trúnaðarmál. Okkur íbúum þessa lands kemur þetta ekki við. Hér gildir ameríski frasinn úr leyniþjónustunum um að vera „on a need-to-know-basis“. Íslenska þjóðin er ekki hluti af því mengi og því eru ráðamenn á varðbergi þegar fulltrúar þjóðarinnar hjá fjölmiðlum koma askvaðandi og vilja fá nánari fregnir af þessum vopna- – tja – viðskiptum.

Eða hvað þetta var. Frásagnir eru misvísandi hjá Norðmönnum og Íslendingum um þessi skringilegu viðskipti þjóðanna en álitamál er hvort er meira niðurlægjandi: að fá ókeypis vopn sem þeir stóru eru hættir að nota eða hitt, að þurfa að sækja sannleikann til Noregs, þar sem upplýsingafulltrúar líta á það sem hlutverk sitt að upplýsa almenning. Og til hvers þarf Landhelgisgæslan eiginlega hríðskotabyssur? Við stóðum í þeirri meiningu að það vantaði varðskip til að sinna lágmarkseftirliti. Fyrir utan alla hina sjöhundruðþúsund hlutina sem vantar lífsnauðsynlega hér eigi ekki allt að fara til fjandans. Og er ekkert af því byssur.

Séu byssur vandamál á Íslandi eigum við að fækka þeim en ekki að fjölga þeim. Aðeins eitt tilvik er um það í seinni tíð að vopnaburður hafi leitt til andláts og það var þegar fársjúkur maður var skotinn af sérsveit lögreglunnar. Þetta var maður sem var talinn of hættulegur fyrir heilbrigðiskerfið og þess vegna látinn búa innan um börn og annað fólk í stórri og mannmargri blokk. Lærdómurinn sem við þurfum að draga af Hraunbæjarmálinu er sá að við þurfum betra heilbrigðiskerfi og færri byssur.

Opin stjórnsýsla, traust

Hvaða vopn? Það voru engin vopn! Þessi norsku? – þau voru ekkert keypt. Þau fengust bara gefins. Þau eru 100, nei 250, nei 150, eða eiginlega bara 30 þannig lagað. Og enn í geymslu. Þeir ætluðu að henda þeim. Þetta er bara endurnýjun, engin breyting og þær eru miklu betri ef það sé attack í skóla og maður þarf að hitta – og hættu að tala um þetta! Suss! Ekki tala hátt – glæpamennirnir heyra til okkar! Og nei, það má alls ekki segja heldur að við viljum vera vopnlaus því þá gætu glæpamennirnir frétt það líka.

Eiginlega jafngildir það landráðum að minnast á vopn. Þetta er allt „on a need-to-talk basis“. Og meðal þess sem ekki má tala um eru þær hugmyndalegu forsendur sem liggja þessum vopnakaupum til grundvallar og glitti í þegar Jón Bjartmarz nefndi í Kastljósinu Gúttóslaginn í byrjun fjórða áratugarins, en þá var tekist á um launalækkun í atvinnubótavinnu í miðri kreppu og örbirgð og fór svo að verkamenn yfirbuguðu lögreglulið bæjarins og hætt var við launalækkunina, en vel að merkja látið þar við sitja, en ekki ráðist á stjórnarráðið eins og hefði mátt ætla ef þrautþjálfaðir byltingarmenn frá Moskvu hefðu verið að verki eins og Þór Whitehead er alltaf að reyna að telja okkur trú um. Þetta var sigurdagur en ekki sorgardagur. Fyrir vikið fengu nokkur lítil börn mjólkurdreitil sem þau hefðu ekki fengið ella og kannski ekki lifað til að vera afar og ömmur núlifandi Íslendinga.

Þar á meðal kannski nokkurra lögregluþjóna. Lögreglan er nefnilega hluti af samfélaginu. Þau sem þar starfa koma úr þjóðardjúpinu og við vitum að þau sinna mikilvægum og vandasömum störfum; eru með fólki á erfiðustu stundum ævinnar, upplifa mikla harmleiki og þurfa oft að skerast í leik þar sem flestir myndu vilja forða sér. Ekki fer á milli mála að lögreglan vann afrek undir stjórn Stefáns Eiríkssonar í Búsáhaldabyltingunni við að lægja öldurnar þar sem það var gerlegt – og viðhalda trausti með stillilegri festu. Naumast er hægt að hugsa þá hugsun til enda hvernig farið hefði ef vopn hefðu þar komið við sögu.

Sem sé, traust. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra nefndi það einmitt á

> Álitamál er hvort er meira niðurlægjandi: að fá ókeypis vopn sem þeir stóru eru hættir að nota eða hitt, að þurfa að sækja sannleikann til Noregs.

dögunum. Hún hefur tilhneigingu til þess að ræða um gagnrýni á störf sín eins og þjóðfélagslega meinsemd. Nú síðast talaði hún um það í ræðu á Kirkjuþingi, að Íslendingar þyrftu sem þjóð að læra að treysta á ný – þ.e.a.s. henni; Hönnu Birnu. Hún ætlast með öðrum orðum til þess að við treystum því að hún sé ekki að bauka eitthvað á bak við tjöldin akkúrat núna enda hafi hún stundað stjórnsýslu fyrir opnum tjöldum, ef frá er talið þegar trúnaðarupplýsingum um erlendan hælisleitanda var blandað saman við uppspuna og lekið úr ráðuneytinu – og hún skipti sér þráfaldlega af lögregluannsókn sem beindist að undirmönnum og aðstoðarmönnum hennar – og hún lét að því liggja að Rauði krossinn bæri ábyrgð á leka úr ráðuneyti hennar – og hún sagði þinginu að minnisblað væri ósambærilegt við annað samhljóða minnisblað – og 250 hríðskotabyssur voru keyptar eða fengnar á laun – sem sé: opin stjórnsýsla. Traust.

Kannski er þetta öfugt: að ráðamenn þurfi að læra að treysta þjóðinni og hætta að fara í Frúna í Hamborg þegar þeir eru spurðir eðlilegra spurninga. Það er að segja ef þeir trúa því sjálfir að þeir hafi breytt rétt.

AF NETINU

Spyr sá sem ekki veit

Hvers vegna segir biskupinn yfir Íslandi að það sé sorglegt að þjóðfélagið sé þannig að lögreglan þurfi á hríðskotabyssum að halda? Höfum við einhver dæmi úr sögu Íslands um að lögregluaðgerðir hefðu verið betur heppnaðar ef byssum hefði verið beitt? Þurfti byssur í búsáhaldabyltingunni? Hvaða gagn gerðu byssurnar þegar geðveikur maður var skotinn í Árbænum í fyrra? Hvaðan kemur þetta algjöra krítíkleysi hjá biskupnum?

http://eyjan.pressan.is/silfureglis

Egill Helgason

Gagnsæi, eða ekki

Almenningur virðist ekki eiga neina möguleika á að afla sér upplýsinga um hvaða reglur gilda um beitingu skotvopna hér á landi. Í tvígang hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafnað því að almenningur fái að sjá þær reglur, nú seinast með úrskurði A-529/2014 frá því 5. maí síðastliðnum, en þar áður með úrskurði A-151/2002 frá því 15. júlí 2002. Í báðum tilvikum er vísað í almannahagsmuni. Það er umhugsunarvert að í Noregi, þaðan sem byssurnar bárust, ríkja skýr og aðgengileg viðmið en þau er að finna á upplýsingasíðu norska dómsmálaráðuneytisins.

http://blog.pressan.is/svandiss/

Svandís Svavarsdóttir

KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*

Kia Cee'd SW EX
Árgerð 6/2013, ekinn 34 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 4,5 l/100 km.
3.390.000 kr.

6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Lykill
Afborgun aðeins 51.170 kr. á mánuði m.v. 339.000 kr. útborgun og 90% bílalán frá Lykli í 84 mánuði. 9,15% vextir, 10,83% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 84 mánaða. Nánar á lykill.is

Kia Carens EX
Árgerð 3/2014, ekinn 8 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, 7 manna, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.990.000 kr.

Kia cee'd EX
Árgerð 3/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 4,3 l/100 km.
3.590.000 kr.

Kia Sportage EX
Árgerð 6/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.
4.990.000 kr.

Kia Sorento Classic
Árgerð 7/2013, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
6.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

Er að vakna skaðabótaskylda?

FJÁRHÆTTUSPIL

Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Í sumar lagði einstaklingur, sem hefur verið háður fjárhættuspilum, fram kæru á hendur rekendum spilakassa og íslenska ríkinu fyrir að valda honum ómældu fjárhagslegu og heilsufarslegu tjóni með því að nýta sér veikleika hans í ábataskyni. Telur hann jafnframt að þrátt fyrir sérlög um rekstur spilakassa hvíli þeir á ótraustum lagalegum grunni og auk þess standist reksturinn ekki bókstaf laganna, sem kveði á um að ábatinn af rekstrinum renni einvörðungu til sérleyfishafa. Staðreyndin sé sú að eigendur húsnæðis undir spilavélarnar hafi af þeim ábata á forsendum sem standist ekki lög.

Það sem er athyglisvert við þessa kæru er að hér er fetað inn á braut sem kunn er erlendis og færist í vöxt að hún sé farin. Í kærunni sem ég hef undir höndum segir að spilakassa- og happdrættisvélaiðnaðurinn „sé í svipaðri stöðu og tóbaksframleiðendur voru til skamms tíma. Dómar tóku að falla sjúklingum í hag en tóbaksframleiðendum í óhag sem kunnugt er. Hið sama á án vafa, í mínum huga, eftir að gerast varðandi fjárhættuspilin.“

Þetta er óneitanlega umhugsunarverð nálgun. Bandaríski tóbaksiðnaðurinn hefur á 25 árum verið dæmdur til að greiða 206 milljarða Bandaríkjadali í skaðabætur beint og óbeint vegna afleiðinga reykinga. Margt bendir til þess að lögfræðingar séu að vakna til vitundar um að spilafíklar kunni að hafa rétt að sækja í hendur rekenda spilavítisvéla og hugsanlega einnig löggjafans á sömu forsendum og tilvitnuð kæra frá í sumar byggir á.

Í Evrópu hafa fallið dómar spilafíklum í hag og virðast þeir þyngjast. Spurning er hvort ákæruvaldið á Íslandi eigi eftir

➜ Í Evrópu hafa fallið dómar spilafíklum í hag og virðast þeir þyngjast. Spurning er hvort ákæruvaldið á Íslandi eigi eftir að verða móttækilegra fyrir þessari réttarfarsþróun.

að verða móttækilegra fyrir þessari réttarfarsþróun, en þess skal getið að saksóknari hjá lögreglu-embættinu á höfuðborgarsvæðinu og síðan ríkissaksóknari vísuðu framangreindri kæru frá með þeim rökum að rekstur spilakassa væri heimill samkvæmt sérlögum. Þetta hefur reyndar verið véfengt í almennri umræðu, meðal annars af hálfu löglærðra manna, en nú virðist að auki komin ný vídd til sögunnar, það er að segja ábyrgð þeirra sem reka spilavítisvélar og einnig hinna sem lögleiða rekstur tækja sem byggja á því að nýta sér veikleika fólks í ábataskyni.

Áform um verðhækkun bóka með hækkun virðisaukaskatts

SKATTUR

Jens Bammel
framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka útgefenda

Kæri Illugi Gunnarsson. Þau áform ríkisstjórnar Íslands að hækka virðisaukaskatt á bækur úr 7 prósentum í 12 prósent gætu valdið hinni viðkvæmu en um leið blómlegu útgáfustarfsemi í landinu alvarlegu áfalli.

Ef einhver þjóð á það skilið að kallast lestrarþjóð eru það Íslendingar. Árlega eru gefnir út um 1.000 nýir titlar, en það merkir að fleiri titlar eru gefnir út á hvern mann í landi þínu en á nokkrum öðrum stað í heiminum.

Þegar tekið er tillit til verðbólgu er ljóst að orðið hefur 19 prósenta samdráttur í útgáfustarfsemi á Íslandi síðan bankakerfið hrundi árið 2008. Þessi grein verður áfram viðkvæm og samdráttur er fyrirsjáanlegur sökum smæðar markaðarins og ófullnægjandi stuðningskerfis. Þrátt fyrir þetta eiga Íslendingar heimsþekkta rithöfunda og bókmenntir. Þessir höfundar og verk þeirra eru mikilvægir efnahagslegir og menningarlegir tengiliðir milli Íslands og umheimsins. Þarna er þjóðarauðlind sem, með réttri stefnu stjórnvalda, getur skapað varanlegan vöxt.

Þó að eingöngu sé litið til efnahagslegra þátta er hækkun virðisaukaskatts á bækur óskynsamleg: nýlegt dæmi sýnir að slík hækkun hefur skelfilegar afleiðingar í litlum löndum. Þegar virðisaukaskattur var hækkaður í 21 prósent í Lettlandi árið 2009 minnkaði bóksala um 30 prósent og titlum fækkaði um 35 prósent svo að öll útgáfustarfsemi í landinu beið óbætanlegan skaða. Bókaútgáfa á Íslandi gæti aldrei staðið af sér slíkt stórafall.

➜ Þegar tekið er tillit til verðbólgu er ljóst að orðið hefur 19 prósenta samdráttur í útgáfustarfsemi á Íslandi síðan bankakerfið hrundi árið 2008.

Íslendingar hafa byggt arf sinn og sjálfsmynd á bókum og sögum og í landi þínu hafa löngum verið teknar upplýstar ákvarðanir til stuðnings menntun, menningu, sjálfsmynd þjóðarinnar, tungunni og tjáningarfrelsinu. Þannig voru íslensk stjórnvöld með þeim fyrstu í Evrópu til að taka upp sama virðisaukaskatt á rafbækur, prentaðar bækur og hljóðbækur. Ég skora eindregið á þig að forðast allar þær ráðstafanir sem gert gætu út af við svo viðkvæma en lífsnauðsynlega atvinnugrein.

Með kærri kveðju.

Áfengi í matvöruverslanir – skref aftur á bak?

SAMFÉLAG

Þóra Jónsdóttir
lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Barnaheillum

Fyrir Alþingi liggur nú lagabreytingatillaga þess efnis að afnema skuli einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu og leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir áhyggjum sínum vegna þeirrar tillögu. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess. Aukin áfengisneysla er líkleg til að hafa slæm áhrif á líf barna. Ekki bara barna sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af áfengisneyslu foreldra sinna eða forsjáraðila, heldur líka barna og ungmenna sem freistast vegna auðveldara aðgengis. Þeim mikla árangri sem náðst hefur með forvarnarstarfi liðinna ára og birtist í minnkandi áfengisneyslu á meðal unglinga, er stefnt í hættu ef frumvarpið verður að lögum.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun eins og velferð þeirra krefst og jafnframt rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er kveðið á um þessi og önnur mannréttindi barna og gildir sáttmálinn sem íslensk lög.

Samkvæmt barnasáttmálanum skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang við ráðstafanir sem varða börn. Þetta þýðir að við allar samfélagslegar ákvarðanir sem teknar eru og varða líf barna verður að hafa sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu ráðandi. Því þurfa þingmenn að spyrja sig þeirrar spurningar hvort það að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum sé börnum samfélagsins fyrir bestu er þeir gera upp hug sinn til tillögunnar. Því fylgir að spyrja hvort rétt sé að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi þar sem allir sem vilja og hafa aldur til

➜ Í matvöruverslunum er ekki óalgengt að ungmenni sem ekki hafa aldur til að kaupa áfengi séu við afgreiðslu. Verði tillagan samþykkt geta skapast flóknar og erfiðar aðstæður fyrir ungt afgreiðslufólk sem þarf að neita jafnöldrum og jafningjum um kaup á áfengi.

geta keypt sér áfengi og aðgengi er gott, þótt stundum þurfi að sýna fyrirhyggju. Einnig þarf að íhuga hvort rétt sé að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum og hætta þar með á að glata þeim mikla árangri sem náðst hefur af áfengisforvörnum undangenginna ára.

Í matvöruverslunum er ekki óalgengt að ungmenni sem ekki hafa aldur til að kaupa áfengi séu við afgreiðslu. Verði tillagan samþykkt geta skapast flóknar og erfiðar aðstæður fyrir ungt afgreiðslufólk sem þarf að neita jafnöldrum og jafningjum um kaup á áfengi. Það gefur auga leið að erfiðara verður að hafa virkt eftirlit með áfengissölu við þessar aðstæður.

Þó að tóbakssala fari fram í matvöruverslunum í dag þá er sú staðreynd ekki röksemd fyrir því að þá sé í lagi að selja þar áfengi, þó byggt sé á þeim rökum í frumvarpinu. Það að leyfilegt sé að selja eina skaðsama vöru í matvöruverslunum réttlætir ekki sölu annarrar skaðsamrar vöru. Að auki er í frumvarpinu rætt um að áfengi verði að einhverju leyti sýnilegt í kæliskápum inni í matvöruverslunum, en hins vegar hefur tóbak verið falið í verslunum um þó nokkurt skeið vegna verndarsjónarmiða.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vara við því að þingmenn stígi það skref að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum, því slíkt væri skref aftur á bak í vernd barna.

Grátkór Landspítala

SAMFÉLAG

Lýður Árnason
læknir í Laugarási og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Á dögunum var athyglisvert Kastljósviðtal við sex starfsmenn Landspítalans þar sem vandi sjúkrahússins var reifaður sem og heilbrigðiskerfisins í heild. Þörfin fyrir nýtt sjúkrahús kom glögglega fram hjá öllum viðmælendum og var heilbrigðisráðherra því hjartanlega sammála kvöldið eftir og bætti við að ekkert væri að vanbúnaði nema fjármagnið.

Á Íslandi búa 330 þúsund manns. Eitt breiðstræti í Berlín. Á Íslandi eru valdamiklar ættir, valdamiklir hagsmunahópar og valdamiklir viðhlæjendur. En á Íslandi eru líka auðlindir sem miðað við íbúafjölda ættu auðveldlega að tryggja almenna velsæld, þ.m.t. almennilega útbúinn spítala. Gætum að því að hægt væri að byggja nýjan spítala á tveimur árum fyrir leigugjöld af kvóta sem útgerðin innheimtir í dag.

En hvers vegna gera stjórnmálamenn ekkert í málinu?

Í mínum huga er svarið augljóst: Valdamiklar ættir og hagsmunahópar geta í krafti tengsla og fjármagns ráðið ansi miklu um val fulltrúa á þingi og sveitastjórnum. Þetta samspil tryggir áframhaldandi aðgengi að auðlindum, aðgengi að fjármagni, aðgengi

➜ Þjóðarbúið er stórskuldugt, líkast skuldar hver fæddur Íslendingur meira en tvær milljónir. Við kúrum í skjóli gjaldeyrishafta.

að fjölmiðlum, aðgengi að fræðimönnum, aðgengi að sérfræðingum og aðgengi að lögfræðingum. Ný stjórnarskrá var atlaga að þessari samfélagsómynd og skýrir hvers vegna stjórnvöldum var svo í mun að hún næði ekki fram að ganga.

Við sexmenningana frá Landspítalanum vil ég segja þetta: Þjóðarbúið er stórskuldugt, líkast skuldar hver fæddur Íslendingur meira en tvær milljónir. Við kúrum í skjóli gjaldeyrishafta. RÚV á ekki fyrir skuldum. Læknar eru í verkfalli, tónlistarkennarar eru í verkfalli og verkalýðshreyfingin farin að grafa upp stríðsaxirnar. Matarskattur var hækkaður á dögunum og máltíð dagsins verðlögð á 248 krónur meðan dagpeningarnir ykkar eru 11 þúsund krónur. Þið getið kannski vælt út nýjan Landspítala en það verður þá upp á krít sem þýðir á venjulegu máli að velta vandanum á undan sér.

Annar kostur og varanlegri er sá að kjósa í burtu þá ráðamenn sem halda auðlindum þjóðarinnar frá almennri velsæld. Til þess höfum við stofugang á fjögurra ára fresti. Hafið það hugfast.

ÝSUVEISLA

HAFBERGS

HAUSUÐ ÝSA
690 KR/KG

ÝSUFLÖK
1.290 KR/KG

ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
1.590 KR/KG

ÝSA Í RASPI
1.790 KR/KG

ÝSA Í SÓSU
1.790 KR/KG

20% afsláttur af öllum humri ef keypt er stór humarsúpa

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

HUGSAÐU UM HEILSUNA OG BORÐAÐU FISK

OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA KL. 9 - 18.15 • LAUGARDAGA 11-16

MERKISATBURÐIR

1660 Kötlugos hefst og fylgja því miklir jarðskjálftar og jökulhlaup. Gosið stendur fram á vetur.

1928 Tyrkir taka upp latneskt stafróf í stað þess arabíska.

1942 Seinni orrustan um El Alamein endar. Þýski herinn undir stjórn Rommels neyðist til að hefja brotthvarf.

1986 Íran-Contra-málið kemst í dagsljósið. Líbanskt tímarit greinir frá því að Bandaríkin hafi selt Írönum vopn á laun til að frelsa bandaríska gísla í Líbanon.

Hjartkær móðir okkar,
tengdamóðir, dóttir, amma og systir,

EDITH THORBERG TRAUSTADÓTTIR
Hátúni 12, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 23. október á Landspítalanum í Fossvogi.

Sesselja Thorberg
Trausti Ómar Thorberg
Trausti Thorberg Óskarsson
systkini og barnabörn.

Magnús Sævar Magnússon
Kristín Erla Þráinsdóttir

Elskuleg eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

KRISTÍN MÖLLER
Kirkjusandi 3,

lést þriðjudaginn 21. október á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 28. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Kristján Ragnarsson
Margrét Vala Kristjánsdóttir
Tómas Kristjánsson
Hildur Ragna Kristjánsdóttir
og barnabörn.

Sæmundur Sæmundsson
Þóra Hrólfsdóttir
Alexander K. Guðmundsson

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

INGA HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR
Merkurgötu 7, Hafnarfirði,

sem lést 19. október sl. verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 29. október kl. 13.00.

Rebekka Árnadóttir

Kolbeinn Árnason
Ragnar Árnason
barnabörn og langömmubörn.

Jóhanna Axelsdóttir
Hjördís Sigurbjörnsdóttir

STEFÁN SNÆBJÖRNSSON
Núpalind 2, Kópavogi,
innanhúsarkitekt og hönnuður,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 28. október kl. 15.00.

Fjölskylda hins látna.

HEIÐURSFÉLAGI Dóra Jónsdóttir með sveinsstykkið frá 1953. Hún er einn sex heiðursfélaga Félags íslenskra gullsmiða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skartaði sveinsstykkinu á afmælishátíð gullsmiða

Dóra Jónsdóttir lærði gullsmíði hjá föður sínum, Jóni Dalmannssyni, um miðbik liðinnar aldar. Hún er elsti starfandi gullsmiður á Íslandi og hefur alltaf haft dálæti á víravirki.

Dóra Jónsdóttir, elsti starfandi gullsmiður landsins, skartaði sveinsstykki sínu frá árinu 1953 á hátíðarsamkomu Félags íslenskra gullsmiða í tilefni 90 ára afmælis félagsins um liðna helgina.

„Ég klæddi mig upp á og mætti í skautbúningi með sveinsstykkið sem er spöng, svokölluð loftverksspöng, utan um faldinn á höfuðbúnaðinum," útskýrir Dóra, sem er 84 ára og rekur Gullkistuna við Frakkastíg.

Dóra lærði gullsmíði hjá föður sínum, Jóni Dalmannssyni, og einnig í Svíþjóð og Þýskalandi. Að föður sínum látnum árið 1970 tók hún við rekstri verkstæðis hans og verslunar og hefur staðið þar vaktina allar götur síðan. „Pabbi var fyrst með verkstæðið heima þannig að ég ólst upp innan um fallega muni og mót og datt þá í hug að gaman væri að búa sjálf til svona fallega hluti og læra til starfans," segir hún.

Á sýningunni Prýði, sem er samstarfsverkefni FÍG og Hönnunarsafns Íslands og opnuð var í tilefni afmælisins, gefur að líta nýsmíðað víravirkishálsmen eftir Dóru. Hún hefur mikið dálæti á víravirki og hefur raunar sérhæft sig í slíkri smíði. Að sögn kunnugra er hún manna fróðust um sögu mynstra og þjóðbúninga. „Undanfarin ár hef ég orðið vör við vaxandi áhuga á þjóðbúningum fyrir konur jafnt sem karla og börn. Konurnar eru duglegar að sauma sér nýja búninga, lagfæra gamla og endurnýja þá oft víravirkið í leiðinni eða kaupa sér nýtt," segir hún, ánægð með þróunina.

Að sögn Dóru eru tískusveiflur í skartgripum eins og öðru. Sem dæmi segir hún að fyrir um tuttugu árum hafi fáir litið við öðru en demöntum og hvítagulli. Þá hafi skartið á tímabili verið svo efnisrýrt og þunnt að það hafi vart verið sýnilegt, en á árunum fyrir hrun hafi gulltískan ráðið ríkjum; stórir gullhlunkar. „Núna virðist mér fólk velja fremur silfur, oft stóra gripi, til dæmis nælur fyrir sjöl og þess háttar."

Spurð hverju erlendir ferðamenn sækist helst eftir í versluninni segir hún að þeir séu hrifnastir af skartgripum úr íslensku hrauni með silfri eða víravirki utan um. „Þeim finnst hraunið tengjast Íslandi mest, ábyggilega minnugir gossins í Eyjafjallajökli," segir Dóra.

valgerdur@frettabladid.is

VÍRAVIRKI Nýsmíðað hálsmen úr víravirki eftir Dóru á sýningunni Prýði í Hönnunarsafni Íslands.

Skartgripir á Prýði

Eitt elsta iðnfélag landsins, Félags íslenskra gullsmiða, fagnar 90 ára afmæli sínu um þessar mundir. Í tilefni afmælisins opnaði félagið, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, sýninguna Prýði í húsakynnum Hönnunarsafnsins. Þar verða til sýnis nýsmíðaðir skartgripir eftir 40 félagsmenn FÍG til loka janúar á næsta ári.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

HITARI
Hollenski hönnuðurinn Nils Chudy hefur búið til tækið Miito til að hita vökva í litlum skömmtum. Bolli er settur ofan á platta og sproti settur ofan í bollann. Plattinn býr til rafsegulsvæði sem hitar sprotann, sem aftur hitar vökvann.

GEZE

Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður
fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.
JÁRN&GLER
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

EIGANDINN Guðrún Elín opnaði verslunina Amíru í Ármúla um miðjan október. Verslunin er björt, falleg og litrík. MYND/ERNIR

DEKRAÐU VIÐ HEIMILIÐ

AMÍRA KYNNIR *Verslunin Amíra sérhæfir sig í sölu á gæða sængurfötum, handklæðum, baðvörum og gjafavörum á hagstæðu verði.*

„Mér fannst vanta litlar verslanir miðsvæðis í Reykjavík sem bjóða upp á breitt úrval af vörum fyrir heimilið og ákvað því að gera eitthvað í málinu,“ segir Guðrún Elín Guðmundsdóttir glaðlega, en hún opnaði verslunina Amíru þann 16. október síðastliðinn.

„Við erum með ýmsar vörur fyrir heimilið. Sængur, kodda, sængurver, handklæði, sturtuhengi, púða, teppi, kristalvasa, kertastjaka, lampa, hnífapör, jólaskraut og alls kyns gjafavörur. Við erum einnig með ungbarnasængur, barnasængur og sængurverasett,“ telur Guðrún Elín upp. Hún segist fyrst og fremst vilja bjóða upp á gæðavörur á hagstæðu verði. „En ég einbeiti mér að því að vera með vörur í fleiri en einum gæða- og verðflokki. Ég er til dæmis með sængurver frá 250 þráðum upp í 400 þræði og þrjár gerðir af handklæðum en bæði handklæðin og sængurverin eru úr 100% bómull. Ég tel mikilvægt að ná til breiðs markhóps.“ Verslunin, sem er í Ármúla 23, er falleg, litrík og björt. Þar er að finna úrval af alls kyns munum sem koma frá Danmörku, Noregi og Bretlandi. „Hér finnur fólk ýmislegt til að fegra heimili sitt en einnig má hér fá fjölda gjafahugmynda fyrir öll tilefni, hvort sem það er brúðkaup, útskrift, ferming, skírn eða afmæli,“ segir Guðrún Elín og bætir glettin við; „Svo fást hér jólagjafirnar í miklu úrvali.“

Amíra er opin alla virka daga frá 11 til 18 og laugardaga frá 12-16. Einnig verða einhverjar kvöldopnanir í vetur.

Nánari upplýsingar má fá á Facebook undir Amíra.

JEPPARAFGEYMAR
Nýjir og endurbættir

TUDOR High Tech rafgeymar.
95 Ah, 800 Amper
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost)
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

AFSLÁTTAR DAGUR í DAG

MATAR- OG KAFFISTELL - HNÍFAPÖR - GLÖS
HITAFÖT - GLÓBAL HNÍFAR - ÁVAXTASKÁLAR
RÚMFÖT - KERTASTJAKAR - TERTUDISKAR
TERTUSPAÐAR OG FLEIRA

ALLAR IITTALA VÖRUR Á AFSLÆTTI

ERUM EKKI Í KRINGLUNNI
EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178

OPIÐ Í DAG TIL KL: 18

Tékk KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími. 568 9955



SÖNGVARINN Þorvaldur Halldórsson starfar við ýmsar athafnir í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Á miðvikudaginn heldur hann upp á sjötugsafmælið í Grafarvogskirkju. MYND/STEFÁN

STARFIÐ HELDUR MÉR UNGUM

VINNUSAMUR *Þorvaldur Halldórsson söngvari verður sjötugur á miðvikudaginn og efnir til afmælistónleika í Grafarvogskirkju af því tilefni. Þar mun hann rifja upp þekktustu lögin frá ferlinum með hjálp góðra gesta.*

Þorvaldur segist aldrei áður hafa haldið tónleika í kringum afmæli. „Ég hef tekið þátt í afmælistónleikum hjá öðrum, til dæmis með Helenu Eyjólfsdóttur, en nú langar mig að gera þetta sjálfur. Ég syng reglulega í kirkjum og finnst Grafarvogskirkja henta vel til tónlistarflutnings. Mér líður vel þar og kirkjan tekur marga gesti," segir Þorvaldur sem hefur sungið í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin fimmtán ár. „Ég hef sungið við messur og ýmsar uppákomur með eldri borgurum. Ég flyt dægurlög en einnig trúarlega tónlist. Það er alltaf mikið um að vera í kirkjunum. Síðan er ég alltaf í messu í Kolaportinu á sunnudögum en þar hafa prestar Dómkirkjunnar og fleiri þjónað. Ég og kona mín, Margrét Scheving, höfum séð um tónlistina. Ég byrja yfirleitt áður en messan hefst og syng þekkt dægurlög en þá flykkist fólkið að. Lagið sem hefur fylgt mér lengst, Á sjó, er alltaf vinsælt. Auk þess flyt ég lög eins og Tondeleyó, Dagný, Komdu í kvöld, Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig auk laganna sem ég tók með hljómsveit Ingimars Eydal í gamla daga. Fólk þekkir þessi lög," segir Þorvaldur, sem var aðeins fimmtán ára þegar hann söng fyrst opinberlega.

SÍLD OG SÖNGUR

„Ég byrjaði að syngja á Siglufirði þar sem ég er fæddur og uppalinn. Ég var í skólahljómsveit. Eitt sinn ætlaði ég að spila lag sem Fats Domino hafði sungið en náði ekki að spila það á saxófóninn minn. Ég söng það í staðinn og fékk mjög góð viðbrögð. Við þetta kviknaði einhver ástríða fyrir söngnum og ég fór að leitast eftir því að komast í hljómsveit. Ég fékk síðan að syngja með Fjórum fjörugum, sem var þekkt band á Sigló á þessum tíma," segir Þorvaldur, sem söng sumarlangt á kvöldin en vann í síldinni á daginn. „Maður kom heim í kvöldmat, skipti um föt og fór síðan að syngja fyrir fólkið. Þetta var auðvitað púl en mér þótti þetta skemmtilegt líf," segir hann.

Leiðin lá síðan í Menntaskólann á Akureyri þar sem hann byrjaði í skólahljómsveitinni. „Ég fór líka að syngja með Hauki Heiðari, lækni og pianista, en hann var með hljómsveit á Hótel KEA. Þegar Sjallinn opnaði var mér og Vilhjálmi Vilhjálmssyni boðið að syngja með hljómsveit Ingimars Eydal. Það var nokkur samkeppni á milli KEA og Sjallans á þessum tíma. Eftir eitt ár flutti Vilhjálmur síðan til Reykjavíkur og fór að syngja á Röðli en í hans stað kom fyrst Erla Stefánsdóttir og síðan Helena Eyjólfsdóttir," útskýrir Þorvaldur. „Við unnum saman til ársins 1972 en þá flutti ég suður. Ég starfaði bæði með Óla Gauk og hljómsveitinni Pónik í Reykjavík."

FRELSAÐIST Í EYJUM

Þorvaldur flutti til Vestmannaeyja eftir gosið og starfaði þar sem rafvirki. „Konan mín er úr Eyjum og við bjuggum þar í tíu ár. Ég söng ekki með hljómsveitum á þeim árum en var í kór. Árið 1977 varð ég fyrir trúaráhrifum sem varð til þess að ég fór að syngja trúarleg lög. Ég var staddur með líf mitt á þannig punkti að ég þurfti á trúnni og kærleika guðs að halda," segir hann.

Þegar hann er spurður hvort óregla hafi leitt hann í trúna, segir hann svo ekki vera. „Nei, þetta var vissulega frelsun en ekki vegna óreglu. Við Margrét tókum snemma þá meðvituðu ákvörðun að nota áfengi einungis í hófi og það höfum við alltaf gert. Fáum okkur einstaka sinnum vínglas með mat en höfum látið áfengi að öðru leyti vera. En við þessa trúarlegu frelsun breyttist líf mitt og ég fór að starfa innan kirkjunnar," útskýrir Þorvaldur.

DROTTINN ER MINN HIRÐIR

Hann ákvað að setjast á skólabekk og læra guðfræði við Háskóla Íslands. „Ég kláraði ekki námið. Það var of dýrt fyrir mann með stóra fjölskyldu að setjast á skólabekk. Við vorum með heimili á tveimur stöðum og námið var að setja okkur á hausinn," viðurkennir hann. „Ég tók því þráðinn upp aftur að syngja opinberlega. Konan mín syngur orðið mikið með mér í kirkjunum. Til dæmis í svokallaðri Tómasarmessu sem er í Breiðholtskirkju einu sinni í mánuði," segir Þorvaldur en þau hjónin hafa bæði samið lög. Margrét samdi til dæmis lagið við sálminn Drottinn er minn hirðir sem er vinsæll í jarðarförum. „Við syngjum þetta lag oft og erum stolt af því. Þetta er fallegt lag og okkur finnst það passa víðar en í jarðarförum."

MARGIR GÓÐIR GESTIR

Einkabarn Þorvaldar og Margrétar, Þorvaldur, er óperusöngvari í Þýskalandi og er kominn heim til að syngja í afmæli föður síns. Þorvaldur átti þrjú börn frá fyrra hjónabandi og Margrét önnur þrjú. „Ég vona að ég fái marga gesti á afmælistónleikana og að við getum átt góða stund saman." Á meðal þeirra sem koma fram eru Helena Eyjólfs, Kristjana Stefáns, Gísli Magna og fleiri. Hljómsveitina skipa Gunnar Gunnarsson, Jón Rafnsson, Sigurður Flosason, Jón Elvar Hafsteinsson og Hannes Friðbjarnarson. Miðar verða seldir við inngangin og á midi.is.

Þorvaldur segist ekki ætla að gera fleira í tilefni afmælisins. „Ég er enn á fullu í tónlistinni og ætla að halda því áfram. Það er gott fyrir sálina að syngja til guðs. Söngurinn og starfið heldur mér ungum," segir Þorvaldur. Tónleikarnir hefjast á miðvikudagskvöldið kl. 20.30.

elin@365.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

FLÍSAR&GÓLFEFNI

MÁNUDAGUR **27. OKTÓBER 2014** | **Kynningarblað** BYKO, S. Helgason, Sóllilja ehf., Vídd og Birgisson.

Viðskiptavinir BYKO taka vel í breitt vöruúrval og þjónustu sem boðið er upp á að sögn Arnar Haraldssonar, sölustjóra hjá BYKO Skemmuvegi. MYND/VALLI

Úrval gólfflísa af öllum gerðum

BYKO hefur alla tíða fylgst vel með straumum og stefnum þegar kemur að gólfflísum. Verslunin býður bæði upp á vönduð gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum og ódýrari gerðir fjöldaframleiddra flísa.

Verslanir BYKO bjóða upp á mikið úrval gólfflísa af öllum gerðum, hvort sem um er að ræða glerjaðar, gegnheilar eða granítflísar. Fyrirtækið hefur alla tíð fylgst vel með straumum og stefnum og er með mikið úrval á lager af bæði vönduðum gæðamerkjum og ódýrari fjöldaframleiddum flísum, auk flísa sem eru sérunnar í ýmsum stærðum og gerðum eftir óskum viðskiptavinar. Örn Haraldsson, sölustjóri hjá BYKO Skemmuvegi, segir viðskiptavini fyrirtækisins taka vel í það breiða vöruúrval og þjónustu sem boðið er upp á.

„Við erum meðal annars með umboð fyrir þekkt vörumerki eins og til dæmis Villeroy & Boch, Porcelaingres og Land Porcelanico. Viðskiptavinir geta fengið allt að metra breiðar flísar upp í hundrað og fimmtíu sentimetra að lengd. Þá eru sexhyrndar flísar í boði, sem arkitektar eru mikið að fókusera á þessa dagana, til í ýmsum litum og áferðum. Þær hafa komið mjög vel út.“

Flísar með viðaráferð

Að sögn Arnar eru flísar með mismunandi viðaráferðum komnar á lager sem eru að verða mjög vinsælar. „Þær eru 15x90 sm og henta vel þar sem gólfhiti er og og hægt að láta þær flæða um í öll rými, hvort sem um er ræða bað eða stofur og jafnvel út á svalir líka því þær eru frostþolnar og með hálkuvörn.“ Flísarnar viðhalda hlýleikanum eins og viðarparkett-gólf gerir en eru mun praktískari upp á endingu að gera að sögn Arnar. „Tæknin í framleiðslunni er orðin þannig að tryggt er að engin flís sé með nákvæmlega eins munstri. Annar mikilvægur kostur er að ekki er hætta á upplitun eins og oft vill verða þegar náttúrulegur viður er notaður.“

Vinsælustu flísarnar þessa stundina að sögn Arnar, og eru búnar að vera í nokkurn tíma, eru með svokallaðri flotsteypuáferð og hægt að fá í mismunandi stærðum og litbrigðum. „Þá höfum við boðið upp á í mörg ár flísar frá E-Stone í mörgum litum og áferðum sem eru komnar með gríðarlega góða reynslu hér á landi og þær eru það vandaðar að búið er að votta þær sem fyrsta flokks utanhússklæðningu fyrir íslenskt veðurfar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það er því óhætt að segja að BYKO geti boðið upp á svo til allar gerðir af gólfflísum sem markaðurinn kallar eftir, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki eða verktakar.“

Allar nánari upplýsingar um úrval flísa hjá BYKO má finna á vef verslunarinnar, **www.byko.is.**

Flísar með eikaráferð í stærðinni 30x120 sm. MYND/ÚR EINKASAFNI

Slim grey-gólfflísar í stærðinni 60x120 sm og eikaráferð í sturtubotni í stærðinni 15x120 sm.

Ivory natural-gólfflísar í stærðinni 60x60 sm.

Tímalaus náttúrufegurð í híbýlin

S. Helgason býður upp á glæsilegt úrval náttúruflísa. Hægt er að fá sérskornar gólf- og veggflísar úr íslensku stuðlabergi, gabbrói og líparíti ásamt klassískum, ítölskum marmara sem nú nýtur mikilla vinsælda sem stofustáss og til heimilisprýði í hólf og gólf.

Hjá okkur er mest aukning í sölu og framleiðslu á íslenskum flísum sem við framleiðum úr stuðlabergi, gabbrói, grágrýti, líparíti og hrauni," segir Ásgeir Nikulás Ásgeirsson, sölustjóri hjá S. Helgasyni.

Ásgeir segir stuðlaberg bjóða upp á mikinn fjölbreytileika í vinnslu.

„Ásamt hefðbundnum gólfflísum bjóðum við upp á svokallaðar blágrýtisstiklur sem eru þverskornar úr stuðlabergi og sexstrendar líkt og stuðlaberg er yfirleitt. Auk þess vinnum við veggklæðningar úr stuðlabergi sem notið hafa sívaxandi vinsælda undanfarin ár."

Viðskiptavinir S. Helgasonar geta valið um stærð og áferð flísa; hvort þeir vilja flísar í föstum stærðum eða fallandi lengdum og hvort þeir vilja hafa þær mattslípaðar ellegar póleraðar.

„Flísar úr gabbró voru til að mynda notaðar í húsakynni Seðlabanka Íslands, bæði á gólfum og í utanhússklæðningu. Gabbró býr yfir hörku graníts og gefur ýmist grænleitan lit eða gráan," útskýrir Ásgeir um eiginleika eins af náttúrusteinum S. Helgasonar.

„Líparít er litfagurt, yfirleitt rauðleitt og hentar betur sem veggflísar en á gólf þar sem efnið er fremur gljúpt og opið. Líparít þekur stóra og mikla veggi í Schengen-hluta Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og heilsar og kveður ferðalanga sem þar eiga leið um."

Marmari aftur í tísku

Granít- og marmaraflísar hafa ávallt verið fyrirferðarmiklar hjá S. Helgasyni.

„Má þar nefna að ítalski Carraramarmarinn er aftur orðinn gríðarvinsæll. Viðskiptavinir okkar eru að fá sér marmara í hólf og gólf, á borðplötur og einnig höfum við talsvert verið að selja stakar flísar sem stofustáss undir kerti, osta og fleira. Marmari er enda tímalaus, klassískur og fegrar hvert heimili," segir Ásgeir.

Náttúruskífur eru skemmtilegur valkostur á heimilið eða sumarhúsið og hjá S. Helgasyni fást þær í úrvali. Fjölmargir litir og litbrigði eru í boði og koma frá flestum heimshornum eins og Indlandi, Kína, Brasilíu, Portúgal og Noregi.

„Viðhald á náttúruflísum í hýbýlum er mikilvægt og bjóðum við hreinsi- og viðhaldsvörur fyrir allan náttúrustein frá þýska fyrirtækinu Lithofin," upplýsir Ásgeir.

„Við bjóðum alla velkomna í verslun okkar að Skemmuvegi 48 til að kynna sér úrvalið og möguleikana."

Sjá nánar á shelgason.is.

Ásgeir Nikulás Ásgeirsson er sölustjóri hjá S. Helgasyni sem býður ríkulegt úrval náttúruflísa. MYND/VALLI

Viktor Grétarsson, Einar og Hinrik. MYND/VALLI

Áratuga reynsla

Sóllilja ehf., Miðhrauni 15 í Garðabæ, er rótgróið fyrirtæki með áratuga reynslu þegar kemur að byggingu og breytingu húsa, bæði utan- og innanhúss.

Við fáumst við alhliða fasteignabreytingar og byggjum á áratugareynslu okkar starfsmanna. Hér starfa eingöngu faglærðir iðnaðarmenn sem unnið hafa við sitt fag árum saman. Elsti smiðurinn okkar er 69 ára og hefur upplifað allt í þessum bransa," segja Viktor Grétarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Hannesson, eigandi Sóllilju ehf. í Garðabæ. „Við vorum meðal annars frumkvöðlar í að flota gólf, byrjuðum á því árið 1986," segir Viktor.

Alhliða þjónusta

„Við sjáum um allan pakkann, viðskiptavinurinn þarf ekki að semja við marga verktaka um ólíka verkþætti. Á okkar snærum erum við með pípara og rafvirkja, byggingaverkfræðinga og arkitekta sem við getum hóað í.

Við förum inn rýmið sem um ræðir og sjáum um að rífa út, flotum gólf, spörslum veggi, málum og leggjum gólfefni. Pípari frá okkur sér um lagnir, rafvirki sér um rafmagnið, og svo endum við á að setja upp innréttingar. Við vinnum verkefnin í sameiningu sem sparar viðskiptavinum bæði tíma og fyrirhöfn. Það verða því aldrei árekstrar þannig að pípari mæti allt í einu með tvo menn inn á lítið baðherbergi þar sem tveir múrarar eru fyrir að vinna. Við fáumst við bæði nýbyggingar og gömul hús og höfum mikið verið að vinna við hótel og stærri byggingar en erum einnig í smærri verkum. Við förum í allt ásamt epoxy-hálkuvörnum líka, alveg sama hversu smá verkefnin eru. Þetta snýst um að veita góða þjónustu," segir Viktor.

Gott auga fagmanna

„Starfsmenn Sóllilju hafa gott auga og við getum tekið að okkur að hanna inn í rýmin frá A til Ö," segir Viktor. „Við gerðum hljóðstúdíó í byrjun þessa árs þar sem við útfærðum okkar hugmyndir inn. Það lukkaðist mjög vel og eigendur voru mjög ánægðir með árangurinn því hljómburðurinn varð mjög góður."

Nánari upplýsingar á www.sollilja.is.

Flot sem er búið að lakka og saga í fúgur. Þá er fúgað í með flísafúgu og lakkað aftur yfir. Sóllilja ehf. hefur sérhæft sig í að pólera og lakka flot sem endanlegt gólfefni.

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð
Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Kjöreign ehf
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

KÓPAVOGSTÚN 6, KÓPAVOGI
ÚTSÝNISÍBÚÐ MEÐ TVEIMUR BÍLASTÆÐUM

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:00-18:00

Vönduð 164 fm endaíbúð á 2. hæð í góðu, nýlegu lyftuhúsi ásamt geymslu í kjallara. Tvö samliggjandi stæði í rúmgóðri bílageymslu. Stórar stofur og 3 rúmgóð herbergi. Tvennar svalir. *Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.*
Frábær og eftirsótt staðsetning. **Söluverð er kr. 58.5 millj.**
Sölumaður verður á staðnum – íbúð merkt 0205

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali
Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

Mjög fallegt útsýni er frá íbúðunum.

Íbúðir með fallegu útsýni

RE/MAX Lind kynnir í forsölu: Nýjar útsýnisíbúðir í fallegu lyftuhúsi við Þorrasali ásamt stæðum í bílageymslu.

Sérinngangur af svölum. Eignin stendur við 18 holu golfvöll GKG og stutt er í alla helstu þjónustu. Stærðir frá 90-126 fm. Verð frá 31,5-48,2 milljónum.

Vandaðar innréttingar, hurðir og raftæki: Ítalskar innréttingar frá INN-X. Blöndunartæki frá Tengi, Ringo-hurðir frá Birgissyni. Eldhústæki frá Electrolux.

Íbúðin skilast fullbúin án gólfefna en flísar á votrýmum.

Byggingaraðili er ÁF Hús.
Upplýsingar veita: Hannes Steindórsson s: 699 5008 hannes@remax.is - Stefán Jarl s: 892 9966/stefan@remax.is - Kristján Þórir s: 696 1122/kristjan@remax.is

Mismunandi stórar, nýjar íbúðir til sölu við Þorrasali.

Stofnað 1983

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

NORÐURBAKKI 1 OG 3
Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR

- Fallegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir lyftuhúsi.
- Fullbúnar án gólfefna
- Baðherbergi og þvottahús flísalagt og fullbúið
- Klætt að utan með álplötum og flísakerfi, lítið viðhald.
- Verönd á 1.hæð.
- Vandaðar innréttingar frá Tré-smiðjunni GKS og tæki frá Gornje.
- Flestar íbúðir með tvennum svölum.
- Mynd-dyrasími.
- Bílgeymsla.
- Stærðir frá 102 fm. -122 fm.
- **Verð frá 30,4 millj.**

SKIPALÓN 5 - HAFNARFJÖRÐUR
- FRÁBÆR STAÐSETNING

- Nýjar 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir
- Stærðir frá 90,6 fm. til 153,8 fm.
- Bílaeymsla
- Lyfta
- Innréttingar og hurðir frá Parka
- Eldhústæki eru frá Gorenja
- Húsið klætt með álklæðningu að utan
- Afhending í september 2014
- **Verð frá 31,2 millj.**

Allar nánari upplýsingar veita: Hilmar s. 892 9694 • Þorbjörn s. 896 0058 • Hlynur s. 698 2603 • Helgi Jón s. 893 2233

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisli@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Gullengi 7 - 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.

Eignin verður til sýnis
frá kl. 18.00 – 18.30

Falleg 85,3 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í Grafarvoginum. Stofa með útgengi á svalir til suðurs. Tvö rúmgóð herbergi. Geymsla innan íbúðar. Búið er að klæða hús að mestu að utan og er það sem er óklætt nýmálað (ágúst 2014). Næg bílastæði á lóð fyrir framan húsið. Stutt í alla þjónustu m.a. skóla og leikskóla.

Verð 23,9 millj.

Helluvað 13 - 4ra herbergja endaíbúð

Eignin verður til sýnis
frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 109,2 fm. íbúð að meðtalinni 9,0 fm sér geymslu á 2. hæð í Norðlingaholtinu. Um endaíbúð er að ræða með gluggum á þrjá vegu. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til suðvesturs. Þrjú góð svefnherbergi. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir.
Aðeins tvær íbúðir á hverri hæð.
Vel skipulögð eign á frábærum stað.

Verð 33,9 millj.

Íbúð merkt 0208.
Verið velkomin.

Geitland 6 – Reykjavík. 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr.

Eignin verður til sýnis
frá kl. 18.00 – 18.30

124,7 fm. björt og afar vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu og nýviðgerðu fjölbýlishúsi í Fossvogi auk 20,9 fermetra bílskúrs. Rúmgóðar stofur með útgangi á skjólsælar svalir til suðurs. Þrjú herbergi. Sér þvottaherbergi er innan íbúðar. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan. Gler í suðurhlið hússins er nýtt. Útsýni yfir Fossvoginn, að Bláfjöllum, Reykjanesi og víðar. **Virkilega falleg eign á frábærum stað í Fossvoginum.**

Verð 40,9 millj.
Íbúð merkt 0201. Sigurjón og Mattína á bjöllu.
Verið velkomin.

Arnarás 2 – Garðabæ. Efri sérhæð.

Eignin verður til sýnis
frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög falleg 5 herbergja 134,6 fm. efri sérhæð með fallegu útsýni í Ásahverfinu. Miklar innréttingar úr kirsuberjaviði eru í eldhúsi og útsýni er að Esjunni, yfir Garðabæ að Kópavogi og víðar. Skjólsælar svalir til suðvesturs út af stofu. Sjónvarpshol og þrjú rúmgóð svefnherbergi. Góð aðkoma er að húsinu og fjöldi bílastæða er á lóð.

Verð 42,9 millj.

Verið velkomin.

NÝBYGGINGAR

LUNDUR 2 - 6 - KÓPAVOGI

Nýjar og vandaðar 2ja til 6 herbergja íbúðir frá 100,7 fm. upp í 179,9 fm. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, nema flísar verða á baðherbergi og í þvottahúsi. Í eldhúsi verður eikarinnrétting frá Brúnás.
Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

NÝHÖFN 2 - 4, SJÁLANDI GARÐABÆ.

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða nýju fjölbýli í Sjálandinu við smábátahöfnina. Sjávarútsýni er frá stofum og eldhúsum í öllum íbúðum. Um er að ræða íbúðir frá 123,5 fm. upp í 152,6 fm. ásamt lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.
HAFA

3JA HERBRGJA

SELVOGSGRUNN.

- Rúmgóð 93,5 fm. íbúð á 1. hæð í 5 íbúða húsi.
- Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð.
- Góðar svalir til vesturs.
- Sér merkt bílastæði fylgir með íbúðinni.

32,9 millj.

RÚGAKUR – GBÆ. SÉRINNGANGUR.

- 142,9 fm. íbúð á 1. hæð að meðtaldri 24,5 fm. sér geymslu.
- Fataherbergi innaf hjónaherbergi.
- Stórar og skjólgóðar svalir til suðurs.
- Sér stæði í bílageymslu í kjallara.

44,9 millj.

Glaðheimar. 4ra – 5 herbergja neðri hæð

Mjög góð 137,8 fm. 4ra - 5 herbergja neðri hæð í þessu eftirsótta hverfi miðsvæðis í Reykjavík, ásamt 31,4 fm bílskúr sem er innréttaður sem stúdío íbúð. Í kjallara er 13,4 fm. herbergi með aðgangi að snyrtingu. Rúmgóðar stofur með útgengi á flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi. Húsið stendur á stórri gróinni baklóð. Sér bílastæði sem rúmar 2-3 bíla. Búið er að endurnýja allt gler í íbúðinni.

Verð 44,9 millj.

2JA HERBERGJA

FÍFUMÝRI – GÆ. 2JA HERBERGJA

Til leigu 62,5 fm. íbúð með sérinngangi á neðri hæð í einbýlishúsi í Fífumýri í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, lítið vinnuherbergi, svefnherbergi og baðherbergi. Eldhús, borðstofa og stofa eru í einu stóru rými. Íbúðin er nýmáluð. Sér bílastæði.
Leiguverð 160 þús. pr. mán.

3JA HERBERGJA

ÁRAKUR – GBÆ. 3JA HERBERGJA.

Til leigu vel skipulögð og afar glæsileg 104,7 fm. íbúð á efri hæð í tveggja hæða litlu fjölbýlishúsi á mjög góðum stað í Akralandinu í Garðabæ. Sér inngangur er í íbúðina og hundahald því leyfilegt. Stórar og skjólgóðar svalir til suðurs. Staðsetning eignarinnar er frábær.

Einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Hafnarfirði.

Glæsilegt 7 herbergja 208,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðan við götu í Miðholti í Hafnarfirði. Samliggjandi stofur með kamínu og mikilli lofthæð að hluta. Fjögur herbergi og sjónvarpsstofa. Gólfefni eru gegnheilt olíuborið parket og granítflísar. Eignin stendur á 952,9 fm. lóð, sem er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við, en einnig er stór verönd til suðurs og hellulögð innkeyrsla og stéttir fyrir framan húsið með hitalögnum í.
Eignin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 67,9 millj. Óhindrað útsýni er til suðurs, vesturs og norðurs.

Starhólmi - Kópavogi.

Mjög gott 196,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr vel staðsett innst í botngötu. Mögulegt væri að gera aukaíbúð á neðri hæð hússins. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. hefur verið skipt um eldhúsinnréttingu og tæki, nánast öll gólfefni, baðherbergi á efri hæð verið endurnýjað og ofna- og raflagnir. Stórar og bjartar stofur með útsýni yfir Fossvogsdalinn. Lóðin er ræktuð með stórri verönd til suðurs með heitum potti og tyrfðri lóð með tjörn og gosbrunni.
Verð 54,9 milllj.

Brekkugerði 26.
Glæsilegt einbýlishús.

Eignin verður til sýnis á morgun
frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög glæsilegt 304,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 2ja - 3ja herbergja aukaíbúð í hluta neðri hæðar hússins á frábærum, grónum og skjólsælum stað mjög miðsvæðis í borginni. Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson, arkitekt. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum að innan og utan. Stórar og bjartar stofur með arni, útbyggðar í sólskála að hluta. Flísalagðar svalir til suðurs út af efri hæð. Lóð er mikið endurnýjuð með verönd með skjólveggjum.

Aukaíbúðin býður upp á ýmsa möguleika og getur hentað vel sem vinnuaðstaða fyrir t.d. hönnuði eða arkitekta. Sjón er sögu ríkari.

Verð 89,9 millj.

Lokastígur 5. Hæð og ris.

Eignin verður til sýnis á morgun
frá kl. 17.15 - 17.45

Falleg 131,9 fm. hæð og ris á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík. Fjögur rúmgóð herbergi og þrjár stofur. Möguleiki að bæta við fimmta herberginu. Útgengi á suðursvalir úr stofum. Búið að endurnýja skólplagnir og þak ásamt þakgluggum. Suðurhlið hússins var sprunguviðgerð og múruð uppá nýtt í sumar. Sameiginlegur inngangur með neðri hæð.

Tökur á fyrstu sex þáttunum í Ísland Got Talent fóru fram um síðustu helgi. Upptökurnar eru mjög viðamiklar og fara fram í 4.000 fermetra rými í Korputorgi. 160 atriði verða kynnt og nítján tökuvélar notaðar.

Sex fyrstu þættirnir í annarri þáttaröð Ísland Got Talent voru teknir upp um helgina. Upptökurnar eru viðamiklar og hafa þær verið í undirbúningi síðan snemma í sumar.

„Það er mikill spenningur í mannskapnum og við erum spennt að fara í gang á ný með þetta skemmtilega verkefni," segir framleiðslustjóri 365 miðla, Gísli Berg Guðlaugsson. „Þetta er ein af viðamestu upptökunum sem farið hefur verið í. Við erum með nítján tökuvélar og höfum sett upp stærsta myndver sem sett hefur verið upp á Íslandi. Þetta er tæplega 4.000 fermetra rými í Korputorgi sem við erum að nota," segir hann.

Í fyrsta sinn verður notaður gullhnappur í þáttunum sem dómararnir fá á borðið sitt. Sá hnappur gefur þeim möguleika á að senda atriðið beint í undanúrslitin, sem verða í beinni útsendingu.

Hver dómari getur veðjað á eitt atriði ef hann telur að það eigi skilið að komast áfram. Skiptir þá engu máli þótt aðrir dómarar hafi verið búnir að hafna því. „Þetta kom nýtt inn í Britain Got Talent núna síðast og við tókum það með í okkar konsept. Þetta hefur verið mjög vinsælt hjá þeim úti. Þetta er nýr og skemmtilegur liður í þættinum," segir Gísli Berg.

Fyrstu þættirnir í Ísland Got Talent gerast að hálfu leytinu baksviðs. „Þar nýtum við rýmið vel sem við höfum á Korputorgi."

Alls verða um 160 mismunandi atriði í þáttunum, sem er álíka mikið og í síðustu þáttaröð. „Við erum búin að leita að fólki víða, meira að segja erlendis, og bjóða því að taka þátt. Þetta verður mjög skemmtileg og fjölbreytt sýning sem við erum að setja saman," segir hann og bætir við að síðasta þáttaröð hafi slegið áhorfsmet á meðal áskrifenda Stöðvar 2. „Miðað við velgengnina í fyrra vildum við leggja meira í þetta og gera þetta enn flottara."

Þættirnir hefja göngu sína í lok janúar og dómarar verða Selma Björnsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Bubbi Morthens og Jón Jónsson.

freyr@frettabladid.is

UNDIRBÚNINGUR Upptökurnar á Ísland Got Talent eru afar viðamiklar og hefur undirbúningur staðið yfir síðan snemma í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við erum með nítján tökuvélar og höfum sett upp stærsta myndver sem sett hefur verið upp á Íslandi.**
>
> *Gísli Berg Guðlaugsson*

GULLHNAPPURINN Í fyrsta sinn verður gullhnappur notaður í Ísland Got Talent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GILDI lífeyrissjóður

Sjóðfélagafundur
28. október 2014

Kynningarfundur verður haldinn fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs þriðjudaginn 28. október nk. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsemi og staða Gildis
2. Samrunasamningur Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga kynntur

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



LINDSAY LOHAN Leikkonan ók undir áhrifum í Los Angeles og var sett beint í einangrun.

Í einangrun í fjórtán daga

Lindsay Lohan segist hafa verið í einangrun í fjórtán daga eftir að hún var eitt sinn handtekin fyrir að aka undir áhrifum áfengis í Los Angeles. Ummælin lét hún falla í sjónvarpsþætti Jonathans Ross í Bretlandi.

„Ég gerði mistök. Ég fór á klúbb og svo drakk ég og ók heim. Það á maður ekki að gera," sagði leikkonan. Í einangruninni var hún lokuð inni í 23 klukkustundir á dag innan um konur sem voru í fangelsi fyrir morð og fannst henni refsingin sem hún fékk fullhörð. Aðrir gestir í þætti Ross voru Russell Brand og Daniel Radcliffe.

Fótboltasaga væntanleg

Sjálfsævisaga Luis Suárez, úrúgvæska fótboltakappans hjá Barselóna, kemur samtímis út í Englandi, Hollandi, Úrúgvæ og á Íslandi sjötta nóvember.

Mikil leynd hefur hvílt yfir efni bókarinnar en hennar er beðið með mikilli eftirvæntingu. Í bókinni, sem Arnar Matthíasson þýddi á íslensku fyrir Veröld, segir Suárez frá harðri lífsbaráttunni í æsku í Úrúgvæ. Hann segir meðal annars frá árunum í Hollandi, veru sinni hjá Liverpool og gerir upp dramatíska atburði heimsmeistaramótsins sumarið 2014.

Breskt tímarit er með Ísland á heilanum

Tónlistartímaritið The 405 hefur gefið út nýja heimildarmynd um íslensku tónlistarsenuna.

Breska tónlistartímaritið The 405 er greinilega með Ísland á heilanum þessa dagana. Fyrir skömmu gaf það út á netinu heimildarmyndina Tónlist, sem var tekin upp í fyrra og fjallar um tónlistarsenuna á Íslandi. Þar á undan fékk tímaritið Unnstein Manuel Stefánsson úr Retro Stefson til að vera gestaljósmyndari þeirra.

Í myndinni koma meðal annars fram tónlistarmennirnir Ólafur Arnalds, Ásgeir Trausti, Snorri Helgason, Múm og Ólöf Arnalds. „Dúllupopp, blóðleysi, landslag, popparar í kirkju… Þetta ætti að selja nokkrar gistinætur," ritaði dr. Gunni tónlistarspekúlant á Fésbókarsíðu sinni um hana.

Myndin verður sýnd tvisvar í Bíói Paradís á meðan Airwaves-tónleikahátíðin stendur yfir en tímaritið verður með eigið kvöld á hátíðinni í Gamla bíói, föstudaginn 7. nóvember. Þar munu troða upp M-Band, Young Karin, Sykur, Sísí Ey og þau Jaakko Eino Kalavi frá Finnlandi, Adult Jazz frá Bretlandi og Tomas Barford frá Danmörku. - þij

> **Dúllupopp, blóðleysi, landslag, popparar í kirkju … Þetta ætti að selja nokkrar gistinætur.**
>
> *Dr. Gunni*

ÆTTI AÐ SELJA GISTINÆTUR Heimildarmyndin Tónlist verður sýnd hér á meðan Iceland Airwaves stendur yfir.

RUSSELL BRAND Fregnir herma að Russell Brand íhugi að bjóða sig fram sem borgarstjóri Lundúna.

Brand sem borgarstjóra

Breski leikarinn og grínistinn Russell Brand er sagður ætla að feta í fótspor Jóns Gnarr og bjóða sig fram sem borgarstjóri Lundúna. Brand hefur tjáð sig ítrekað um stjórnmál á undanförnum mánuðum og hvatt Breta til að krefjast þess að breytingar verði gerðar á stjórnkerfi landsins. Hugmyndir hans hafa einnig ratað í nýja bók hans sem nefnist Revolution.

Margar heimildir í Bretlandi segja að hann íhugi að bjóða sig fram sem borgarstjóra fyrir árið 2016. „Ég hef rætt við Russell og hann vill ekkert tjá sig um þetta," sagði talsmaður leikarans. Brand hefur áður hvatt almenning til að sniðganga kosningar og vöktu þau ummæli mikla athygli.

EMMA BUNTON OG GERI HALLIWELL Emma elskar að vinna með hinum stelpunum í Spice Girls. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tilbúin í aðra endurkomu

Emma Bunton er alveg til í aðra endurkomu Spice Girls, eða Kryddpíanna. Tilefnið verður samt að vera almennilegt. Bunton, þekkt sem barnakryddið, vill endilega stíga aftur á svið með þeim Victoriu Beckham, Mel B, Geri Halliwell og Mel C ef hægt verður að toppa frammistöðu þeirra á lokaathöfn Ólympíuleikanna í London 2012.

„Við höfum ekkert rætt um þetta. Ég elska að vinna með stelpunum. Ég væri til í þetta en þetta snýst allt um rétta tímasetningu. Við vorum á Ólympíuleikunum og það er frekar erfitt að toppa þá," sagði hinn 38 ára Bunton við Bang Showbiz.

Theodór Elmar á skotskónum

FÓTBOLTI Theodór Elmar Bjarnason skoraði fyrsta mark Randers í 3-0 sigri á OB í dönsku úrvalsdeildinni í fótbolta í dag.

Ögmundur Kristinsson lék vel í marki Randers en landsliðsbakverðir Íslands fengu að kljást í leiknum þótt hvorugur þeirra hafi leikið sem bakvörður í leiknum.

Ari Freyr Skúlason var á miðjunni hjá OB og Theodór Elmar lék á hægri kantinum þar sem hann skoraði fyrsta mark leiksins á 13. mínútu en þetta var fyrsta mark Randers í þremur leikjum. Allir Íslendingarnir léku allan leikinn.

Randers var 3-0 yfir í hálfleik og þar við sat.

Randers lyfti sér upp í annað sæti deildarinnar með sigrinum þar sem liðið er með 21 stig í 12 leikjum, sjö stigum frá toppnum og einu stigi á undan Nordsjælland sem á leik til góða. OB er í næstneðsta sæti deildarinnar með 9 stig. - gmi

Einar Andri kveikti neistann hjá HK

HANDBOLTI Það var mikið rætt í síðustu viku hvað það var sem kveikti í HK er liðið vann óvæntan sigur á Aftureldingu í Olís-deild karla.

Bjarki Sigurðsson, þjálfari HK, og leikmenn hans töluðu í hálfkveðnum vísum eftir leik. Sögðu að ummæli ákveðinna manna hefðu kveikt í liðinu en vildu ekki ræða málið nánar.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum íþróttadeildar voru það orð þjálfara Aftureldingar, Einars Andra Einarssonar, sem kveiktu í liðinu. Bjarki heyrði á tal Einars við annan mann fyrir leikinn þar sem Einar á að hafa talað HK niður. Sagt það vera lélegasta lið deildarinnar.

Bjarki vildi lítið ræða þetta mál er hann var spurður út í það og vildi heldur ekki staðfesta að hann hefði gripið þjálfara Aftureldingar glóðvolgan að tala sína menn niður.

„Ég þekki Einar af heilindum og trúi því ekki að hann hafi verið að tala okkur niður. Annars er þetta mál búið fyrir mér og ég farinn að horfa til framtíðar," segir Bjarki en staðfestir þó að einhverjir málsmetandi menn hafi gert lítið úr hans liði.

„Ég heyrði af öðrum einstaklingum í vikunni sem voru að tala okkur niður. Ég vil ekkert fara nánar út í hverjir það voru eða hvað þeir sögðu. Þetta mál er bara búið." - hbg

BJARKI SIGURÐSSON

ÖFLUG Lilja Lind var í banastuði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tveir NM-meistarar

Íslensku valkyrjurnar sýndu mátt sinn á NM.

KRAFTLYFTINGAR Lilja Lind Helgadóttir varð um helgina Norðurlandameistari í ólympískum lyftingum með stæl annað árið í röð.

Hún sló jafnframt Norðurlandamet í jafnhendingu þegar hún lyfti 103 kg upp fyrir haus. Hún á þar með þyngstu lyftu í jafnhendingu af öllum stelpum undir 20 ára á Norðurlöndunum. Lilja tók 80 kg í snörun og reyndi við 85 kg, sem hefði verið Norðurlandamet í snörun. Hún endaði með 183 kg samanlagt.

Freyja Mist Ólafsdóttir varð sömuleiðis Norðurlandameistari í mínus 75 kg flokki. Hún lyfti 65 kg í snörun og 80 kg í jafnhendingu. Í sama flokki varð Auður Ása Maríasdóttir í öðru sæti.

Sólveig Sigurðardóttir lenti í þriðja sæti í mínus 63 kg flokki. Hún lyfti 63 kg í snörun og 75 kg í jafnhendingu. Hún reyndi við 80 kg í jafnhendingu til að tryggja sér annað sætið og var grátlega nálægt því. - hbg

SÁTTUR Van Persie fagnaði jöfnunarmarkinu í gær hreint ógurlega. Þungu fargi létt af honum og fleirum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bæði lið ósátt við eitt stig

Man. Utd minnti á gamla tíma í gær er liðið jafnaði í uppbótartíma gegn Chelsea í stórleik helgarinnar í enska boltanum. Robin van Persie á skotskónum.

FÓTBOLTI Það var fátt sem benti til þess að Man. Utd myndi fá nokkuð úr slagnum gegn Chelsea í gær er Hollendingurinn Robin van Persie kom til bjargar.

Umdeild aukaspyrna dæmd fyrir utan teig og Branislav Ivanovic fékk að líta sitt annað gula spjald og var hent af velli. Di Maria tók spyrnuna, fann kollinn á Fellaini en skalli hans var varinn. Boltinn datt aftur á móti fyrir fætur Robins van Persie sem þrumaði boltanum í netið af öllu afli.

„Það eru blendnar tilfinningar eftir þennan leik því við hefðum getað unnið. Ég fékk til að mynda tvö færi í fyrri hálfleik sem ég hefði átt að nýta," sagði Van Persie eftir leikinn.

„Við hefðum átt að vinna en á endanum prísum við okkur sæla með eitt stig. Við erum að bæta okkur dag frá degi. Við erum ekki búnir að gefast upp. Við getum vel náð Chelsea enda er mótið ekki einu sinni hálfnað. Það var samt mikill léttir að ná inn þessu marki í lokin fyrir alla hjá félaginu. Völlurinn hreinlega sprakk er ég skoraði."

Mourinho ósáttur við dómarann

Mark Chelsea skoraði að sjálfsögðu Didier Drogba. Man. Utd ákvað að setja hinn smávaxna Rafael á hann í hornspyrnu. Drogba þakkaði pent fyrir með því að stanga boltann í netið.

Eins og við mátti búast var Jose Mourinho, stjóri Chelsea, fúll eftir leikinn og leyndi sér ekki að hann var sérstaklega fúll út í Phil Dowd dómara.

„Ég sá að það stefndi í rautt spjald. Ég gæti vel talað um það, um vítið sem Ivanovic hefði átt að fá í leiknum, gulu spjöldin, innköstin og fleira. Alltaf þegar ég tala frá hjartanu þá lendi ég í vandræðum," sagði Mourinho en hann hrósaði engu að síður leikmönnum.

„Ég get ekki bara hrósað Didier því liðið mitt var frábært í dag. Við vorum magnaðir. Þetta er einn erfiðasti völlurinn í deildinni. Við erum með fjögurra stiga forskot á toppnum og höfum heimsótt bæði Manchester-liðin. Það er ekki slæmt þó svo að við vildum meira í þessum leik."

Van Gaal vildi vinna

Stjóri Man. Utd, Louis van Gaal, var einnig fúll að fá ekki öll stigin.

„Ég sagði við strákana að við hefðum vel getað unnið þennan leik. Það er okkur að kenna að við gerðum það ekki. Það er engu að síður jákvætt að við hefðum getað unnið besta lið deildarinnar á þessum tímapunkti," sagði Hollendingurinn.

„Ég er ekki ánægður því ég vildi vinna og við klárum ekki leiki þegar við eigum tækifæri á því. Ég fagna þó baráttu drengjanna og stuðningnum úr stúkunni."

Van Gaal sagði rauða spjaldið ekki hafa skipt höfuðmáli enda hefði það komið í uppbótartíma.

„Vissulega kom jöfnunarmarkið samt úr aukaspyrnunni. Rauða spjaldið hefði aðeins skipt máli ef Branislav hefði átt að dekka Fellaini. Þið verðið að spyrja Jose út í það." henry@frettabladid.is

Fagmönnun framtíðar

MÁLÞING
Grand Hótel Reykjavík
Þriðjudaginn 28. október
kl. 13:30-15:30

– Hverjir munu vinna á heilbrigðisstofnunum framtíðarinnar?

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Dagskrá:

13:30 -13:40	**Setning.** Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu
13:40-13:55	**Hvaða áhrif hafa stjórnmálin á starfsfólk heilbrigðisstofnana?** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis
13:55-14.10	**Hver hugsar um mig í ellinni?** Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna
14:10-14:25	**Munt þú eiga kost á hjúkrun á efri árum?** Ólafur G. Skúlason, formaður félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
14:25-14:40	**Mönnun LSH - tækifæri og ógnir.** Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala
14:40-15:00	**Vinnumarkaður framtíðarinnar.** Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent HÍ
15:00-15:30	**Pallborðsumræður frummælenda.**

Fundarstjóri: Edda Hermannsdóttir, blaðamaður

Gísli Páll Pálsson

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Pétur Magnússon

Ólafur G. Skúlason

Páll Matthíasson

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Edda Hermannsdóttir

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

MAN. UTD - CHELSEA 1-1
0-1 Didier Drogba (53.), 1-1 Robin van Persie (90.+4).

TOTTENHAM - NEWCASTLE 1-2
1-0 Emmanuel Adebayor (18.), 1-1 Sammy Ameobi (46.), 1-2 Ayoze Perez Gutierrez (58.).

BURNLEY - EVERTON 1-3
0-1 Samuel Eto'o (4.), 1-1 Danny Ings (20.), 1-2 Romelu Lukaku (29.), 1-3 Samuel Eto'o (86.).

WEST HAM - MAN. CITY 2-1
1-0 Morgan Amalfitano (21.), 2-0 Diafra Sakho (75.), 2-1 David Silva (77.).

SOUTHAMPTON - STOKE 1-0
1-0 Sadio Mane (33.).

SUNDERLAND - ARSENAL 0-2
0-1 Alexis Sanchez (30.), 0-2 Alexis Sanchez (90.+2).

WBA - CRYSTAL PALACE 2-2
0-1 Brede Hangeland (16), 0-2 Mile Jedinak, víti (45.+1), 1-2 Victor Anichebe (51.), 2-2 Saido Berahino (90.+3).

LIVERPOOL - HULL CITY 0-0

SWANSEA - LEICESTER 2-0
1-0 Wilfried Bony (34.), 2-0 Wilfried Bony (57.).

STAÐAN:

Chelsea	9	7	2	0	24-9	23
Southampton	9	6	1	2	20-5	19
Man. City	9	5	2	2	19-10	17
West Ham	9	5	1	3	17-12	16
Arsenal	9	3	5	1	15-11	14
Swansea	9	4	2	3	13-10	14
Liverpool	9	4	2	3	13-12	14
Man. Utd	9	3	4	2	16-13	13
Everton	9	3	3	3	19-17	12
Hull City	9	2	5	2	13-13	11
Tottenham	9	3	2	4	11-13	11
Stoke City	9	3	2	4	8-10	11
WBA	9	2	4	3	12-13	10
Newcastle	9	2	4	3	10-15	10
Aston Villa	8	3	1	4	4-12	10
Crystal Palace	9	2	3	4	13-16	9
Leicester	9	2	3	4	11-15	9
Sunderland	9	1	5	3	8-17	8
Burnley	9	0	4	5	5-16	4
QPR	8	1	1	6	6-18	4

OLÍSDEILD KARLA

ÍR - AKUREYRI 32-28
Mörk ÍR: Björgvin Hólmgeirsson 14, Sturla Ásgeirsson 5, Bjarni Fritzson 4, Ingi Rafn Róbertsson 1, Arnar Birkir Hálfdánsson 1, Sigurjón Björnsson 1, Jón Heiðar Gunnarsson 1.

Mörk Akureyrar: Kristján Jóhannsson 6, Andri Snær Stefánsson 5, Bergvin Gíslason 4, Prándur Gíslason 3, Sigþór Heimisson 3, Daníel Örn Einarsson 2, Sverre Jakobsson 2, Brynjar Grétarsson 2, Ingimundur Ingimundarson 1.

HAUKAR - ÍBV 23-26
Haukar - Mörk (skot): Adam Haukur Baumruk 6 (12), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (3), Þröstur Þráinsson 3 (4), Einar Pétur Pétursson 3 (5), Heimir Óli Heimisson 3 (5), Janus Daði Smárason 3/2 (9/2), Tjörvi Þorgeirsson 2 (4).

Varin skot: Grétar Ari Guðjónsson 10/1 (23/3, 43%), Giedrius Morkunas 4 (17, 24%),

Hraðaupphlaup: 3 (Þröstur, Einar Pétur 2)

Fiskuð víti: 2 (Einar Pétur, Egill Eiríksson)

Utan vallar: 8 mínútur.

ÍBV - Mörk (skot): Theodór Sigurbjörnsson 8/2 (12/3), Einar Sverrisson 7 (8), Andri Heimir Friðriksson 7 (14), Svavar Kári Grétarsson 2 (3), Grétar Þór Eyþórsson 1 (1), Guðni Ingvarsson 1 (3).

Varin skot: Kolbeinn Aron Arnarson 6 (20/1, 30%), Henrik Vikan Eidsvag 5 (14/1, 36%),

Hraðaupphlaup: 7 (Theodór 3, Andri 2, Grétar, Guðni)

Fiskuð víti: 3 (Svavar, Guðni, Magnús)

Utan vallar: 4 mínútur.

OLÍSDEILD KVENNA

GRÓTTA - FRAM 23-26
Grótta-kvenna - Mörk (skot): Laufey Ásta Guðmundsdóttir 6/3 (9/3), Eva Björk Davíðsdóttir 6/1 (13/2), Karólína Bærhenz Lárudóttir 4 (6), Anett Köbli 3 (11/1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 (2), Lovísa Thompson 2 (2).

Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 7/1 (24/3, 29%), Elín Jóna Þorsteinsdóttir 6 (15, 40%).

Hraðaupphlaup: 5 (Laufey, Karólína 2, Anett 2)

Fiskuð víti: 6 (Eva Björk 2, Karólína, Lovísa, Eva, Guðný)

Utan vallar: 4 mínútur.

Fram-kvenna - Mörk (skot): Ragnheiður Júlíusdóttir 11/2 (22/3), Ásta Birna Gunnarsdóttir 4 (6), Elísabet Gunnarsdóttir 3 (3), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 3 (4), Steinunn Björnsdóttir 3 (5), Hekla Rún Ámundadóttir 1 (2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (4).

Varin skot: Nadia Bordon 8/1 (30/4, 27%), Hafdís Lilja Torfadóttir (1/1, 0%).

Hraðaupphlaup: 7 (Ragnheiður 2, Ásta 3, Guðrún, Hekla Rún)

Fiskuð víti: 3 (Elísabet, Steinunn, María)

Utan vallar: 8 mínútur.

ÍBV - SELFOSS 27-24
ÍR - VALUR 17-25
HK - HAUKAR 23-25
STJARNAN - FH 22-16
FYLKIR - KA/ÞÓR 23-16

Á förum frá Brann

Áhugi á Birki Má frá bæði Danmörku og Svíþjóð.

FÓTBOLTI Það bendir allt til þess að landsliðsbakvörðurinn Birkir Már Sævarsson sé á förum frá norska félaginu Brann.

Hann hefur ekki fengið að spila jafn mikið með liðinu á þessu tímabili og áður. Við það er leikmaðurinn eðlilega ekki sáttur.

„Nei, hann er ekki sáttur við stöðuna og er að líta í kringum sig," segir Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Birkis Más, og bætir við að lið frá bæði Danmörku og Svíþjóð séu að skoða Birki. Ekkert sé þó frágengið.

„Þetta ætti allt að skýrast á næstu tveimur vikum. Við erum að fara yfir þetta," segir Ólafur.

Samkvæmt heimildum íþróttadeildar er sænska félagið Hammarby á meðal þeirra liða sem hafa áhuga á Birki. Það er í toppsæti sænsku B-deildarinnar og þegar farið að huga að styrkingu fyrir úrvalsdeildina.

Birkir Már gekk í raðir Brann frá Val fyrir átta árum og hefur staðið sig mjög vel hjá félaginu en nú liggur framtíð hans annars staðar. - hbg

DANMÖRK EÐA SVÍÞJÓÐ? Ný ævintýri bíða Birkis Más á nýju ári. Hans tíma hjá Brann er að ljúka. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Standast hjólbarðarnir þínir breyttar reglur?

Aukin mynstursdýpt
– okkar allra vegna

Frá og með 1. nóvember þurfa vetrarhjólbarðar bifeiða að hafa minnst 3 mm mynstursdýpt yfir vetrartímann. Þannig aukum við öryggi í umferðinni og greiðum okkur öllum leið við erfiðar aðstæður.

1. nóv. til 14. apríl - **mynsturdýpt a.m.k. 3 mm**
15. apríl til 31. okt. - **mynsturdýpt a.m.k. 1,6 mm**

Samgöngustofa - Ármúla 2 - 108 Reykjavík - Sími 480 6000 - samgongustofa.is

Samgöngustofa

Lítið mál að finna hvatningu hjá FH

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sér enga ástæðu til að breyta um starfsvettvang en hann skrifaði nýverið undir nýjan tveggja ára samning við félagið. „FH er stórhuga og ætlar sér langt í Evrópukeppninni," segir Heimir sem er að hefja sitt 16. tímabil hjá FH.

FÓTBOLTI Skammt er í að liðin í Pepsi-deild karla hefji undirbúning sinn fyrir næstu knattspyrnuvertíð. Liðin hafa verið að móta leikmannahópa sína og hefja öll æfingar í næsta mánuði. Heimir Guðjónsson hefur náð mögnuðum árangri á löngum ferli sínum hjá FH og skrifaði nýverið undir nýjan tveggja ára samning við félagið þrátt fyrir að hafa verið orðaður við KR, uppeldisfélag sitt í Vesturbæ Reykjavíkur.

„Ég lít bara svo á þetta að það þurfi ekki að laga eitthvað sem ekki er brotið," segir Heimir í samtali við Fréttablaðið en hann er nú að fara að byrja sitt áttunda tímabil sem aðalþjálfari og sitt sextánda tímabil í röð sem FH-ingur eftir að hafa gengið til liðs við félagið fyrst fyrir tímabilið 2000-2001. Þá var liðið í B-deildinni en Heimir hefur á einn eða annan hátt tekið þátt í öllum átta stóru titlunum sem félagið hefur unnið.

„Þegar samningur minn rann út staldraði ég við og skoðaði mín mál, eins og eðlilegt er," segir Heimir. „En ég tók að lokum ákvörðun um að vera áfram í FH enda hefur mér liðið vel þar og gengið vel."

Þurfum að þjappa okkur saman

FH lauk tímabilinu í öðru sæti deildarinnar eftir tap gegn Stjörnunni í lokaumferðinni í eftirminnilegum og sögulegum úrslitaleik. „Ég ákvað að halda áfram þrátt fyrir að þetta hefði ekki endað eins og við hefðum viljað. Nú þurfum við að þjappa okkur saman og vera klárir í að berjast um titilinn að ári."

Sjaldgæft er að þjálfarar endist jafn lengi í starfi í efstu deild og Heimir hefur gert en hann segir það ekki vandamál að halda sér á tánum í starfinu. „Það hefur verið auðvelt að finna áskoranir. Ég hef verið báðum megin við borðið – sem leikmaður og þjálfari – og tekið þátt í því að vinna titla, tapa þeim á síðustu metrunum, í miðjumoði og jafnvel í fallbaráttu. En þegar menn sjá árangur erfiðisins og hvað það er hrikalega gaman að enda sem sigurvegari er lítið mál að finna hvatningu."

Hann segir að forráðamenn FH séu stórhuga fyrir framtíðina og það fari vel saman við sinn metnað. „Hér er verið að byggja upp fyrsta flokks aðstöðu og við stefnum að því, leynt og ljóst, að komast langt í Evrópukeppni. Við höfum séð að það eru fullar forsendur fyrir því, með árangri FH í fyrra og Stjörnunnar í ár. Það er alltaf gaman að taka þátt í slíkum verkefnum," segir hann.

Uppeldisfélagið skipar sinn sess

Heimir hefur verið reglulega orðaður við sitt gamla félag, KR, og í Vesturbænum hafa margir beðið eftir því að Heimir snúi aftur til að taka við þjálfun liðsins.

„Auðvitað er það svo að uppeldisfélagið skipar ákveðinn sess hjá manni og maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. En ég hef verið FH-ingur lengi og verð áfram," segir Heimir að lokum.

eirikur@frettabladid.is

SIGURSÆLL Heimir hefur átt mikinn þátt í velgengni FH síðustu árin og komið að öllum átta stóru titlunum sem félagið hefur hlotið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Minnst þrettán sigrar öll tímabilin

Heimir Guðjónsson náði einstökum árangri í sumar þegar FH vann hundraðasta deildarleikinn undir hans stjórn. Því hefur enginn þjálfari náð með eitt lið í efstu deild á Íslandi.

FH hefur unnið 101 af 154 leikjum sínum í úrvalsdeildinni síðan Heimir tók við og alls náð í 72 prósent stiga í boði.

FH-liðið hefur unnið þrettán leiki eða fleiri á öllum sjö tímabilum Heimis með liðið en enginn annar þjálfari í sögu Íslandsmótsins hefur náð að stýra liði á sjö tímabilum með tíu sigra eða fleiri. Heimir bætti met sitt og Ásgeirs Elíassonar í sumar en Ásgeir náði sex tíu sigra tímabilum. Þegar kemur að þrettán sigra tímabilum hefur Heimir fjögurra sumra forystu á næstu menn sem eru Logi Ólafsson og Rúnar Kristinsson.

Flest tíu sigra tímabil þjálfara í efstu deild:

Heimir Guðjónsson	7
Ásgeir Elíasson	6
Bjarni Jóhannsson	5
Logi Ólafsson	5
Hörður Helgason	5
Willum Þór Þórsson	5
Guðjón Þórðarson	4
Ólafur Jóhannesson	4
Rúnar Kristinsson	4
Ólafur Kristjánsson	4
Ian Ross	4

Iðnaðarhúsnæði til leigu

Óskum eftir leigjanda að um 200 fermetra iðnaðarhúsnæði að Malarhöfða 2.

- Tvær 5 metra háar rennihurðir.
- Húsnæðið er laust með mjög litlum fyrirvara.
- Leigutími samkomulag en að lágmarki til 31. maí 2016.
- Verð 290 þúsund á mánuði.

Áhugasamir hafi samband við Viktor í síma 696-9420
eða sendist til Fréttablaðsins á netfangið: box@frett.is merkt „Malarhöfði"

BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Ármúla 7
108 Reykjavík
www.fastborg.is

519 5500

Þóra Birgisdóttir Fasteignasali 777 2882	**Brandur Gunnarsson** Sölumaður 897 1401	**Gunnlaugur Þráinsson** Sölumaður 844 6447	**Héðinn Birnir Ásbjörnsson** Fasteignasali 848 4806	**Sigurður Fannar Guðmundsson** Sölumaður 897 5930	**Hildur Birkisdóttir** Sölumaður 663 4539	**Ingimar Ingimarsson** Hrl. 519 5501	**Guðbjarni Eggertsson** Hrl. 519 5500	**Margrét Gunnarsdóttir** Fasteignasali 691 3555	**Stefán Páll Jónsson** Sölumaður 781 5151	**Úlfar Þór Davíðsson** Fasteignasali 897 9030	**Bryndís Alfreðsdóttir** Skrifstofustjóri 519 5500	**Stefán Jóhann** Fasteignasali 864 8808

Logafold

Bjart og skemmtilegt hús á frábærum stað í Grafarvogi. Sérstaklega gott fjölskylduhús sem er 329 fm að stærð, 5 svefnherbergi, 3 baðherbergi, rúmgóðar stofur og suðurverönd þar sem mikil veðursæld er. Ath. möguleiki á tveimur íbúðum.

Úlfar Þór
Fasteignasali
897 9030
Gunnlaugur
Sölumaður
844 6447

Tilboð

Undraland 6 – 108 Reykjavík

Fallegt og vel skipulagt 247,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Stór og fallegur garður. Sjón er sögurríkari

Héðinn
Sölumaður
848 4806

Tilboð óskast

SUMARHÚS – SUMARHÚSALÓÐIR

Langar ykkur í sveitina? Nú er góður tími til að kaupa sumarhús og/eða lóð til bygginga. Við erum með gott framboð af ýmsum eignum sem vert er að skoða. Við aðstoðum við leit og klæðskera- saumum þjónustu við okkar viðskipavini.

Gunnlaugur
Sölumaður
844 6447



Kópavogsbakki

Einstakt 505,9 fm einbýlishús með stórkostlegu sjávarútsýni við Kópavogsbakka hannað af Krads arkítektum. Húsið er á tveimur hæðum, steinsteypt með gólfsíðum gluggum, mikili loftthæð 2,9m og stórum rennihurðum. Byggt árið 2007.

Úlfar Þór
Fasteignasali
897 9030
Gunnlaugur
Sölumaður
844 6447

Verð: 160.000.000

Ljósheimar

Rúmgóð 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð í góðu lyftushúsi við Ljósheima í Reykjavík.
Eignin er skráð alls 102 fm. Rúmgott eldhús.
Þrjú svefnherbergi. Svalir frá stofu.

Úlfar Þór
Fasteignasali
897 9030
Brandur
Sölumaður
897 1401

Verð: 27.500.000

Framnesvegur

Björt og góð 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi byggðu 1985 við Framnesveg í Reykjavík. Stæði í bílageymslu fylgir eigninni.

Úlfar Þór
Fasteignasali
897 9030
Brandur
Sölumaður
897 1401

Verð: 29.900.000

Austurkór 65 – Kópavogur

Borg Fasteignasala kynnir 4ra herbergja íbúðir 97-103 fm. Nýjar og glæsilegar útsýnis íbúðir.
-Tilbúnar til afhendingarÍbúðirnar

Afhendast fullbúnar fyrir utan gólfefni í stofu og herbergjum: Gott skipulag, allar íbúðirnar hafa 3 svefnherbergi og opið alrými fyrir stofu og eldhús, stórar svalir mót suðri / verönd fylgir íbúðum á jarðhæð.
Kíktu á www.austurkor63-65.is

Þóra
Fasteignasali
777 2882
Sigurður Fannar
Sölumaður
897 5930

Verð: 38.000.000

Grettisgata 22

Fallegt timburhús frá 1908 við Grettisgötu 22, með einkabílastæði. Húsið er á 3 hæðum, endurbyggt að hluta á vandaðan og smekklegan hátt.

Garðurinn er hannaður af Stanislas Bohic. Eldhúsið er bjart, rúmgott og með mikilli lofthæð, flísum á gólfi og nýlegum tækjum. Þar er tvöföld frönsk hurð þar sem gengið út í garð. Áhugaverð eign á eftirsóttum stað.

Stefán Páll
Sölumaður
781 5151

Verð: 49.800.000

Vindakór 5-7

6 HERB. SMEKKLEG ENDAÍBÚÐ - ÚTSÝNI
Sér inngangur - bílakjallari - lyfta
Vel skipulagt hverfi - þjónusta fyrir alla aldurshópa
Fleiri eignir í húsinu á vef: fastborg.is

Margrét
Fasteignasali
691 3555
margret@fastborg.is

Verð: 46.900.000

Marargata 2

Björt og falleg íbúðmeð sérinngangi í einstaklega fallegu steinhúsi á frábærum stað í Vesturbæ Reykjavíkur. Góð lofthæð, hvítar innréttingar með granít-borðplötu. Gegnheilt parket á gólfum – góð lofthæð í stofu, útgengt í afar fallegan og gróinn garð.

Þóra
Fasteignasali
777 2882
Sigurður Fannar
Sölumaður
897 5930

Verð: 36.000.000

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.05
Gulli byggir
Gulli byggir eru þættir þar sem breytingar og lagfæringar á húsnæði eru i hávegum hafðar.

Í KVÖLD

Brestir
STÖÐ 2 KL. 20.40 Öðruvísi fréttaskýringaþáttur sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttastjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum.

Boardwalk Empire
STÖÐ 2 KL. 22.50 Fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin af Boardwalk Empire. Núna verða þættirnir sýndir á mánudagskvöldum, innan við sólarhring á eftir frumsýningu á HBO.

Office Space
BÍÓ KL. 17.00 Skrifstofublókin Peter Gibbons er búin að fá nóg af starfi sínu og ákveður að gera allt til þess að verða rekinn. Hann tekur upp á því að mæta seint og illa í vinnuna.

Bylgjan kl. 10.00
Ívar Guðmundsson
Ívar mætir ferskur eftir helgina og byrjar vikuna með góðri tónlist.

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Wonder Years
08.30 2 Broke Girls
08.50 Mom
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Kingdom of Plants
11.20 Kjarnakonur
11.45 Falcon Crest
12.35 Nágrannar
13.00 Mistresses
13.45 So You Think You Can Dance
15.05 ET Weekend
15.55 Ofurhetjusérsveitin
16.15 Bara grín
16.45 New Girl
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Mindy Project
19.40 Selfie
20.05 Gulli byggir
20.40 Brestir
21.10 Outlander
22.05 **Legends** Glæný þáttaröð frá framleiðanda Homeland og 24 og byggð á sögu eftir spennusagnameistarann Robert Littell. Aðalhlutverkið leikur Sean Bean sem áhorfendur ættu að muna vel eftir úr fyrstu þáttaröðinni af Game of Thrones. Hann leikur Martin Odum, sem starfar fyrir bandarísku alríkislögregluna FBI. Hann er sá besti í bransanum þegar það kemur að því að lifa undir fölsku flaggi og komast í innsta hring glæpasamtaka.
22.50 Boardwalk Empire
23.50 Modern Family
00.10 The Big Bang Theory
00.30 Gotham
01.20 Stalker
02.05 The Strain
02.45 Charlie and Boots
04.25 The Firm
05.55 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT
besta sætið

12.05 Ísland U21 - Danmörk U21
13.45 Rhein-Neckar Löwen - Kiel
15.05 Moto GP - Malasía
16.05 Evrópudeildarmörkin
16.55 Cordoba - Real Sociedad
18.35 On a Mission: Indiana Pacers
19.00 **Skallagrímur - Snæfell** Bein útsending frá leik Skallagríms og Snæfells í Dominos deild karla í körfubolta.
21.00 Spænsku mörkin 14/15
21.30 Real Madrid - Barcelona
23.10 Skallagrímur - Snæfell
00.40 All-American Chris Weidman

STÖÐ 2 SPORT 2
enski boltinn

07.00 Man. Utd. - Chelsea
12.40 Southampton - Stoke
14.20 Sunderland - Arsenal
16.00 Burnley - Everton
17.40 Liverpool - Hull
19.20 Football League Show 2014/15
19.50 QPR - Aston Villa Beint
22.00 Messan
23.15 Football League Show 2014/15
23.45 QPR - Aston Villa
01.25 Messan

INN

20.00 Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsóknir **21.30** Stormað

STÖÐ 3

17.05 Wipeout
17.50 Welcome To the Family
18.15 One Born Every Minute US
19.00 World Strictest Parents
20.00 Friends With Benefits
20.25 Mind Games
21.10 Graceland
21.55 The Vampire Diaries
22.40 Veep
23.05 Witches of east End
23.45 Drop Dead Diva
00.25 World Strictest Parents
01.25 Friends With Benefits
01.45 Mind Games
02.25 Terminator: The Sarah Connor Chronicles
03.10 Graceland
03.55 The Vampire Diaries
04.35 Veep
05.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Brunabílarnir **07.22** Lína langsokkur **07.43** Ævintýraferðin **07.56** Tommi og Jenni **08.00** Ævintýri Tinna **08.25** Latibær **08.47** Hvellur keppnisbíll **09.00** Dóra könnuður **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.45** Elías **10.55** UKI **11.00** Brunabílarnir **11.22** Lína langsokkur **11.43** Ævintýraferðin **11.56** Tommi og Jenni **12.00** Ævintýri Tinna **12.25** Latibær **12.47** Hvellur keppnisbíll **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.45** Elías **14.55** UKI **15.00** Brunabílarnir **15.22** Lína langsokkur **15.43** Ævintýraferðin **15.56** Tommi og Jenni **16.00** Ævintýri Tinna **16.25** Latibær **16.47** Hvellur keppnisbíll **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastó **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.45** Elías **18.55** UKI **19.00** Fjörfiskarnir **20.30** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

17.40 Strákarnir
18.05 Friends
18.30 Little Britain
19.00 Modern Family
19.30 Two and a Half Men
19.55 Sjálfstætt fólk
20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel
21.00 The Mentalist
21.45 Sisters
22.30 Hunted
23.30 Zero Hour
00.10 Red Widow
00.55 Sjálfstætt fólk
01.20 Eldsnöggt með Jóa Fel
01.50 Sisters
02.35 Hunted
03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

12.05 Office Space
13.35 I Give It A Year
15.10 Trouble With the Curve
17.00 Office Space
18.30 I Give It A Year
20.10 Trouble With the Curve
22.05 I Melt With You
00.05 Elysium
01.55 Stoker
03.30 I Melt With You

RÚV

16.35 Skólaklíkur
17.20 Tré-Fú Tom
17.42 Spurt og sprellað
17.48 Skúli skelfir
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Vesturfarar
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Óskalögin 1954-1963
20.05 **Ebóla – Leitin að lækningu** Heimildarþáttur um ebólu og vaxandi ógnina sem af henni stafar á heimsvísu. Rætt er við vísindamenn og lækna víða um heim sem leita í sameiningu að lækningu auk þess sem rætt er við einstaklinga sem smitast hafa en náð bata.
21.00 1864
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Viðtalið
22.45 Kjarnakonur í Bandaríkjunum – Heiminum breytt
23.40 Hæpið
00.15 Kastljós
00.40 Fréttir
00.55 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.40 Pepsi MAX tónlist
15.00 Judging Amy
15.40 Design Star
16.25 The Good Wife
17.05 Red Band Society
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Talk
19.50 Rules of Engagement
20.10 Kitchen Nightmares
20.55 Reckless
21.45 Flashpoint – LOKAPÁTTUR
22.30 The Tonight Show
23.10 Law & Order: SVU
23.55 Hannibal
00.40 Flashpoint
01.25 The Tonight Show
02.05 Pepsi MAX tónlist
05.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014
11.00 Golfing World 2014
11.50 European Tour 2014
12.35 Champions Tour 2014
13.30 Inside The PGA Tour 2014
13.55 PGA Tour 2014 – Highlight
18.00 Golfing World 2014
18.50 LPGA Tour 2014
21.20 PGA Tour 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

47"

47" 3D SJÓNVARP MEÐ AMBILIGHT BAKLÝSINGU

25% AFSLÁTTUR

TILBOÐ

179.996

FULLT VERÐ 239.989

PHILIPS

Philips 47PFT6309

55" FULL HD SJÓNVARP

TILBOÐ

209.991

FULLT VERÐ 279.989

25% AFSLÁTTUR

LG

55"

LG 55LB620V

20% AFSLÁTTUR VEGNA VÖRUGJALDA

5% AUKA VEGNA VEÐURS

42"

42" FULL HD 3D SJÓNVARP

TILBOÐ

127.492

FULLT VERÐ 169.989

25% AFSLÁTTUR

LG

LG 42LB620V

39"

39" FULL HD LED SJÓNVARP

TILBOÐ

104.991

FULLT VERÐ 139.989

25% AFSLÁTTUR

TOSHIBA

TOSHIBA 39L4353DN

32"

32" FULL HD SNJALLSJÓNVARP

TILBOÐ

93.745

FULLT VERÐ 124.989

25% AFSLÁTTUR

Panasonic

PAN-TX32AS600Y

Tilboðin gilda frá 27. október til 02. nóvember.

max.is

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

MÁNUDAGSDRYKKURINN

„Ég myndi alltaf fá mér stórt glas af laktósafrírri AB-mjólk frá Örnu.“

María Lilja Prastardóttir blaðakona

Stikla fyrir hlutverkaspil á Snæfellsnesi

Landslag og náttúra Íslands passaði fullkomlega við heimsendaspá þýska hlutverkaleiksins Degenesis.

Stikla fyrir þýska hlutverkaspilið Degenesis, sem tekin var upp á Íslandi, er nú komin út. Um er að ræða borðspil þar sem hver þátttakandi hefur sitt hlutverk og leikur eina persónu, oft í ævintýralegum eða goðsögulegum heimi. Í stiklunni má sjá þrjá ófrýnilega stríðsmenn hrella ungt par og son þess í óbyggðum. Sonurinn reynist síðan hafa yfirnáttúrulega krafta því hann rekur upp stríðsóp sem skekur jörðina.

Stiklan var tekin upp fyrir ári á Snæfellsnesi, nánar tiltekið í Landbroti. „Þeir voru að leita að einhverri heimsendasýn, einhverjum nöturleika og gróðursnauð,“ segir Sæmundur Norðfjörð, framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu Republik Film Productions sem þjónustaði verkefnið. Fyrirtækið sá meðal annars um að finna tökustað og leikara. „Við ákváðum að nota þessa staðsetningu af því að landslag og náttúra Íslands passaði fullkomlega við heimsendaþema Degenesis-leiksins,“ er haft eftir Volker Steinmetz, framleiðanda leiksins, á síðunni Thelocationguide.com.

Athygli vekur að tvíburarnir Antoine og Lucas Liebing léku báðir drenginn en þeir þurftu að skiptast á til að mæta sextán klukkutíma vinnudeginum. - þij

GRÓÐURSNAUÐ Stiklan var tekin upp í Landbroti á Snæfellsnesi. MYND/REPUBLIK FILM PRODUCTIONS

➜ Leikstjóri stiklunnar, Zoran Bihac, kynntist eiginkonu sinni á tónleikum múm í Barselóna.

VILL SJÁLFSMYNDIR Halldór hvetur fólk til að taka „gym-selfie“ með bókina.

Fór frá túrtöppum yfir í handboltann

Halldór Armand lét draum sinn rætast og skrifaði skáldsögu um blæðingar og tíðahring kvenna.

„Þetta er dálítið skrýtin hugmynd. Ég hef mikið verið að pæla í drónum, sem eru mannlaus loftför, og fannst þau minna mig á túrtappa. Svo hugsaði ég að það væri gaman að tengja þetta við blæðingar og tíðahring kvenna, en mig hefur langað að skrifa um það lengi, og þannig varð bókin til,“ segir Halldór Armand, höfundur bókarinnar Drón sem kom út á dögunum.

Bókin fjallar um unglingsstúlku sem er undrabarn í fótbolta. Á sama tíma eru dularfullar drónaárásir víðs vegar um heiminn.

„Hún sem sagt fær þá hugmynd að tíðahringurinn hennar og túrverkirnir geti spáð fyrir um hvar og hvenær árásirnar verða,“ segir Halldór, sem vill ekki gefa meira upp um söguþráðinn.

Halldór býr um þessar mundir í London þar sem hann æfir handbolta. „Ég æfði handbolta í „den“ með Val og fannst bara skondið að byrja að æfa aftur hérna úti. Lífið er alltaf að koma manni skemmtilega á óvart, ekki hélt ég að ég færi aftur í handbolta og hvað þá að hugmyndin mín um sögu tengda tíðahring kvenna yrði að veruleika.“

> **Ég hef mikið verið að pæla í drónum, sem eru mannlaus loftför, og fannst þau minna mig á túrtappa.**
>
> *Halldór Armand*

Hann er nú staddur hér á landi að kynna bókina og þarf því miður að sleppa handboltanum í bili. „Til að gleðja mig þá hvet ég fólk til þess að fara með bókina í ræktina og taka „gym-selfie“ með hana. Það væri mjög súrrealískt og fyndið.“ - asi

Níðþungar, gylltar hauskúpur í verðlaun

Frank Hall tónlistarmaður og Sverrir Kristjánsson klippari fengu verðlaun fyrir sinn þátt í kvikmyndinni Julia á Screamfest-hryllingsmyndahátíðinni í LA.

Julia, hefndartryllir í anda neonnoir, sló rækilega í gegn á Screamfest-hryllingskvikmyndahátíðinni, sem haldin var í Los Angeles um miðjan mánuðinn. Af þrettán verðlaunum hreppti Julia fern, þar á meðal fyrir bestu frumsömdu tónlistina, verðlaun sem Frank Hall hampaði, og klippingu Sverris Kristjánssonar.

Verðlaunin voru við hæfi, gyllt hauskúpa, sem þeir félagar eiga von á í pósti innan tíðar. „Bergsteinn Björgúlfsson hefði ekki síður verið vel að hauskúpunni kominn fyrir frábæra kvikmyndatöku,“ segir Frank. Tildrög þess að þremenningarnir tóku þátt í gerð hryllingsmyndarinnar voru að leikstjórinn og handritshöfundurinn, Matthew A. Brown, sá kvikmyndina Svartur á leik og hafði samband við tökumann og tónsmið myndarinnar, þá Bergstein og Frank.

„Við hittumst og töluðum saman rétt fyrir jólin í fyrra. Brown hafði mjög skýra sýn á Juliu og einnig afgerandi hugmyndir um tónlistina. Honum leist vel á fyrstu prufur sem ég sendi honum í janúar og úr varð að ég vann út frá þeim. Við hittum fljótlega á réttan tón, köstuðum boltanum á milli og hann spilaði tónlistina fyrir leikarana. Ég fékk hana svo í hausinn ef honum fannst ég vera kominn út af sporinu,“ segir Frank.

Leikstjórinn kom til landsins í ágúst, klippti myndina með Sverri og Frank lauk við tónsmíðarnar. En hvernig er tónlistin við Juliu? „Dimm og drungaleg,“ svarar Frank og útskýrir nánar: „Stemmningin í myndinni speglast í myrkum götum, börum og neonljósum. Eiginlega subbuleg og groddaleg raftónlist, en hún er líka á himneskum nótum eins og leikstjórinn kallaði eftir í samræmi við umbreytingu söguhetjunnar. Hann sagðist vilja heilagleika.“

TÓNLISTIN Frank Hall segir tónlistina á stundum groddalega en líka himneska. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HAUSKÚPA Verðlaunagripir Screamfest-hryllingskvikmyndahátíðarinnar voru gylltar hauskúpur.

Að mati Franks er Julia ekki hreinræktuð hryllingsmynd eins og þær sem alla jafna eru sýndar á hátíðum á borð við Screamfest. Hann er sammála því að hún sé hefndartryllir í anda neon-noir eins og kvikmyndavefurinn IMDb skilgreinir hana. Julia sé jaðarmynd og sannarlega ekki fyrir viðkvæma og börn. „Mjög flott mynd og aðalleikkonan, Ashley C. Williams, líka mjög góð, enda var hún valin besta leikkonan á hátíðinni,“ segir hann og bætir við að Julia hafi verið tekin til sýninga í um 60 kvikmyndahúsum vestanhafs. „Óvenjulegt þegar jaðarmyndir af þessu tagi eru annars vegar.“

valgerdur@frettabladid.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 70888 10/14

Spókið yður á strætum stórborga
Þú færð ekki betra tækifæri til þess að lyfta þér upp. Þú getur valið á milli allra áfangastaða Icelandair, austan hafs og vestan. Hver er uppáhaldsborgin þín? Hún bíður.

Tilboðsferðir
Spennandi tilboðsferðir. Einstök tækifæri í haust og vetur. Fylgstu með á vefnum og taktu flugið án þess að hika. Ævintýrin gerast enn.

+ **Bókaðu þína ferð á icelandair.is**

Vertu með okkur

ICELANDAIR

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Erlendar útgáfur vilja Arnald

Útgáfurétturinn á nýjustu bók **Arnalds Indriðasonar**, Kamp Knox, hefur verið seldur til Bandaríkjanna og Bretlands. Þetta er í fyrsta sinn sem rétturinn er seldur þangað áður en bókin kemur út hér heima, 1. nóvember. Einnig er verið að leggja lokahönd á samning um útgáfu í Frakklandi. Arnaldur hefur selt bækur sínar í yfir tíu milljónum eintaka um allan heim. Bókin verður prentuð í á þriðja tug þúsunda eintaka hér heima fyrir jólin, sem er það mesta til þessa. Söguþráður Kamp Knox er á þann veg að kona rekst á illa farið lík í lóni á Reykjanesi árið 1979. Margt bendir til þess að sá látni tengist herstöðinni á Miðnesheiði og fara Erlendur og Marion Briem með rannsókn málsins. Á sama tíma rannsakar Erlendur hvarf reykvískrar stúlku.

- fb

Ísak farðaði ofurfyrirsætu

Förðunarfræðingurinn **Ísak Freyr Helgason** farðaði nýverið ensku ofurfyrirsætuna Cöru Delevingne vegna auglýsingar þar sem hún benti á mikilvægi krabbameinsskoðunar. Um er að ræða herferð sem kallast #FeelingNuts þar sem karlmenn eru hvattir til að þreifa á eistum sínum.

Ísak Freyr virðist vera í uppáhaldi hjá Delevingne því hann hefur áður farðað þessa eftirsóttu fyrirsætu, sem hefur setið fyrir hjá öllum helstu tískumerkjum heimsins.

- fb

Mest lesið VÍSIR

1. Vikan á Vísi: MDMA, fjall á flugi, bíll á hvolfi og dýrkeypt djamm
2. Grjótið sem rigndi yfir lögreglu frá tíma Ingólfs Arnarsonar
3. Sýnist biskup hafa gleymt boðorðunum
4. Lögreglumaður stal nektarmyndum af stútum
5. Svipaður fjöldi flúið Ísland og á vesturfaraárunum

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation for you

með Android PHILIPS

Heimilistæki ht.is

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

50% AFSLÁTTUR!

iMattress þrýstijöfnunardýnurnar frá King Koil hafa slegið í gegn í Ameríku.

Þrýstijöfnunarefnið aðlagast líkamanum vel og veitir fullkominn stuðning. Þannig færð þú góða þyngdardreifingu og finnur ekki fyrir neinum álagspunktum svo sem í mjöðmum eða öxlum.

Lítil hreyfing er í iMattress-dýnunum þannig að ekki verður vart við byltur maka.

Hægt er að setja iMattress-dýnurnar á stillanlega rúmbotna.

Svampurinn er boraður í gegn til að auka loftflæði um dýnuna auk þess að innihalda hið byltingarkennda iFusion efni en það er kæligel sem vinnur gegn ofhitnun. iFusion efnið og loftflæðið kemur í veg fyrir að þér verði of heitt þegar þú sefur.

Steyptir og sterkir kantar eru á dýnunum. Þess vegna er gott að setjast á þær auk þess sem svefnflöturinn nýtist geysilega vel.

50% AFSLÁTTUR!

iMATTRESS XS1
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 327.102 kr.
RÝMINGARVERÐ 163.551 kr.

iMATTRESS XS1
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 471.138 kr.
RÝMINGARVERÐ 235.569 kr.
50% AFSLÁTTUR!

ARGHH!! 201014

35% AFSLÁTTUR!

ROYAL - M3
(180x200 cm)
Fullt verð 183.330 kr.
RÝMINGARVERÐ 119.165 kr.

- Fimm-svæða skipt poka-gormakerfi
- þrístijöfnunarsvampur í toppi sem veitir góða aðlögun
- Botn klæddur með Pu-leðurlíki
- Stálfætur

ROYAL - BASE
(90x200 cm)
Fullt verð 67.036 kr.
RÝMINGARVERÐ 43.574 kr.
35% AFSLÁTTUR!

- Þriggja-svæða skipt Bonnel-gormakerfi
- Botn klæddur með Pu-leðurlíki
- Stálfætur

SILVIA HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.
Verð nú 32.775 kr.
25% AFSLÁTTUR!
FÆST Í SVÖRTU, HVÍTU OG BRÚNU

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM